

Spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga
árið 2017

Dr. Daníel Þór Ólason
Prófessor við sálfræðideild Háskóla Íslands

Unnið fyrir Dómsmálaráðuneytið

Efnisyfirlit

	Útdráttur	8
1	Inngangur	9
2	Samantekt á meginniðurstöðum rannsóknar	12
	2.1 Framkvæmd rannsóknar	12
	2.2 Þátttaka í peningaspilum	12
	2.3 Spilavandi	13
3	Markmið og aðferðafræði rannsóknar	15
	3.1 Skilgreining á spilafíkn	15
	3.2 Skilgreining á peningaspilum	15
	3.3 Aðferð	16
	3.3.1 Gagnaöflun	16
	3.3.2 Svarhlutfall	16
	3.3.3 Mælitæki	18
	3.3.3.1 Tegundir peningaspila	18
	3.3.3.2 Spilafíkn	19
	3.3.3.3 Streita	20
	3.3.3.4 Áfengisvandi	21
	3.3.4 Úrvinnsla	21
	3.3.4.1 Upplýsingar um eyðslu	21
	3.3.4.2 Menntun svarenda	22
	3.3.4.3 Aldur	22
	3.3.4.4 Búseta	22
	3.3.4.5 Fjölskyldutekjur	22
	3.3.4.6 Þátttaka í peningaspilum	23
	3.3.5 Tölfræði	23
4	Þátttaka í peningaspilum	24
	4.1 Heildarþátttaka í peningaspilum	24
	4.2 Tíðni þátttöku eftir mismunandi tegundum peningaspila	28
	4.3 Ítarlegri greining á þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila	30

4.3.1	Lottó	31
4.3.2	Flokkahappdrætti	33
4.3.3	Skafmiðar	33
4.3.4	Skafmiðar á erlendum vefsíðum	34
4.3.5	Spilakassar	34
4.3.6	Þátttaka í spilakössum á erlendum vefsíðum	35
4.3.7	Lagt undir í spilum	36
4.3.7.1	Póker með spilum	36
4.3.7.2	Mótapóker	37
4.3.7.3	Netpóker	37
4.3.7.4	Bridge, vist eða önnur borðspil	38
4.3.8	Getraunir (1x2)	39
4.3.8.1	Getraunaseðlar keyptir á alm. sölustöðum	39
4.3.8.2	Getraunaseðlar keyptir á vefsíðu Í.G.	40
4.3.9	Lengjan	40
4.3.9.1	Getraunaseðlar í Lengjunni á alm. sölustöðum	40
4.3.9.2	Getraunaseðlar í Lengjunni á vefsíðu Í.G.	41
4.3.10	Lengjan í beinni	42
4.3.11	Veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum	42
4.3.12	Veðjað á atburði íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum	43
4.3.13	Bingó	44
4.3.14	Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	45
4.3.15	Leynileg spilavíti	45
4.3.16	Önnur peningaspil á erlendum vefsíðum (t.d. 21,rúlletta)	46
4.4	Heiti vefsíðna sem svarendum datt fyrst í hug	47
4.5	Mat á hagnaði eða tapi í peningaspilum	48
4.5.1	Hagnaður í peningaspilum undanfarna 12 mánuði	49
4.5.2	Tap í peningaspilum undanfarna 12 mánuði	49
4.6	Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum	50
5	Spilafíkn	52
5.1	Algengi spilafíknar árið 2017	52

5.2	Tengsl spilavanda og þátttöku í peningaspilum	55
5.3	Þrepaskipt fjölbreytu logistísk aðhvarfsgreining	57
5.4	Tengsl spilavanda við eyðslu í peningaspil undanfarna 12 mánuði	60
5.5	Neikvæðar afleiðingar peningaspilunar (e. Gambling related harms)	63
5.6	Sálræn líðan og áfengisvandi	64
5.6.1	Depurð, kvíði, streita og áfengisvandi	64
5.6.2	Spilun peningaspila undir álagi eða áhrifum vímuefna	66
6	Samanburður á niðurstöðum kannana árin 2007, 2011 og 2017	67
6.1	Heildarþátttaka í peningaspilum árin 2007, 2011 og 2017	67
6.2	Þátttaka í mismunandi tegundum peningaspila árin 2007, 2011 og 2017	69
6.3	Samanburður á greiningarhópum spilavanda	71
7	Samantekt	74
7.1	Þátttaka í peningaspilum á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd	74
7.2	Spilavandi á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd	75
	Heimildaskrá	77
	Viðauki I: Töflur	81
	Viðauki II: Spurningalisti	88

Töfluskrá

Tafla 1. Svarhlutfall og skipting brottfalls	17
Tafla 2. Fjöldatölur fyrir þýði og úrtak skipt eftir baksviðspáttum	18
Tafla 3. Heildarpátttaka í peningaspilum	24
Tafla 4. Heildarpátttaka í peningaspilum eftir baksviðsbreytum	26
Tafla 5. Tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á Íslandi	29
Tafla 6. Tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á erlendum vefsíðum	30
Tafla 7. Mismunandi tegundir Lottó	31
Tafla 8. Meðaleyðsla í Lottó	32
Tafla 9. Tíðni þátttöku í spilakössum eftir staðsetningu	35
Tafla 10. Algengar vefsíður	47
Tafla 11. Greining spilafíknar fyrir allt úrtakið samkvæmt PGSI	52
Tafla 12. Greining spilafíknar á meðal þeirra sem spiluðu peningaspil undanfarna 12 mánuði samkvæmt PGSI	53
Tafla 13. Algengi spilavanda eftir baksviðsbreytum	54
Tafla 14. Þátttaka í peningaspilum eftir greiningarhópum spilavanda	56
Tafla 15. Tengsl baksviðsbreytna og þátttöku í peningaspilum við spilavanda	58
Tafla 16. Tengsl þátttöku í netpeningaspilum á erlendum vefsíðum við spilavanda	59
Tafla 17. Upphæðir sem fólk segist hafa tapað eða unnið í peningaspilum eftir spilavandahópum	61
Tafla 18. Meðaleyðsla í peningaspil eftir greiningarhópum spilavanda	62
Tafla 19. Tengsl spilavanda við spurningar um neikvæðar afleiðingar Peningaspilunar	64
Tafla 20. Tengsl spilavanda við depurð, kvíða, streitu og áfengisvanda	66
Tafla 21. Samanburður á heildarpátttöku í peningaspilum fyrir árin 2007, 2011 og 2017 eftir kyni	69

Tafla 22. Samanburður á spilahegðun Íslendinga árin 2007, 2011 og 2017	70
Tafla 23. Samanburður á spilahegðun á erlendum vefsíðum fyrir árin 2007, 2011 og 2017.	71
Tafla 24. Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2007, 2011 og 2017 eftir kyni	73
Tafla 25. Þátttaka í peningaspilum og algengi spilavanda á Norðurlöndum	74

Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi peningaspila á síðustu 12 mánuðum	25
Mynd 2. Mat þátttakenda á því hvort þeir hafi hagnast eða tapað fé í peningaspilum	48
Mynd 3. Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum	58
Mynd 4. Hlutfall spilavandahópa fyrir hagnað eða tap í peningaspilum	60
Mynd 5. Samanburður á þátttöku í peningaspilum árið 2007, 2011 og 2017	68
Mynd 6. Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2007, 2011 og 2017	72

Útdráttur

Könnuð var spilahegðun og algengi spilafíknar meðal fullorðinna Íslendinga árið 2017. Könnunin var gerð í síma og byggðist á tilviljunarúrtaki 5.000 Íslendinga úr þjóðskrá, á aldrinum 18-70 ára. Svör fengust frá 2.703, 1.282 körlum og 1.421 konu. Svarhlutfall var 57%.

Niðurstöður sýna að rúmlega 77% fullorðinna Íslendinga spiluðu peningaspil a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum fyrir könnun. Vinsælustu peningaspilin voru Lottó, flokkahappdrætti, skafmiðar og bingó. Eins og í fyrri könnunum virðast karlar spila frekar peningaspil þar sem þekking á reglum og spilaumhverfi skiptir máli (t.d. íþróttagetraunir og póker), en konur frekar peningaspil þar sem tilviljun ræður ávallt niðurstöðu (t.d. flokkahappdrætti og lottó). Spilun peningaspila á erlendum vefsíðum var hinsvegar fyrst og fremst stunduð af körlum.

Þegar niðurstöður um spilahegðun árið 2017 eru bornar saman við niðurstöður rannsóknar frá árinu 2011 kemur í ljós álíka margir spiluðu peningaspil árið 2017 og gerðu árið 2011. Hinsvegar hefur orðið nokkur breyting í þátttöku mismunandi tegunda peningaspila, þar sem fleiri spiluðu bingó og keyptu miða í flokka- og skafmiða-happdrætti en færri spiluðu í Lottó eða póker árið 2017. Þegar breytingar á þátttöku í peningaspilum á erlendum vefsíðum var skoðuð kom í ljós að töluvert fleiri spiluðu þar árið 2017 en gerðu 2011, sérstaklega í veðmálum á úrslit íþróttaleikja.

Algengi hugsanlegrar spilafíknar reyndist 0,3% (öryggismörk: 0,1%-0,6%) og algengi verulegs vanda vegna þátttöku í peningaspilum 2,1% (öryggismörk: 1,5%-2,7%). Um 2,3% þjóðarinnar töldust því eiga við spilavanda að stríða og var hann algengari meðal karla (3,5%) en kvenna (1,1%). Gera má því ráð fyrir að 4-7 þúsund Íslendingar á aldrinum 18 til 70 ára eigi í verulegum vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Samanburður á núverandi niðurstöðum við niðurstöður rannsóknar frá árinu 2011 sýnir að engar breytingar hafa orðið á fjölda þeirra sem áttu við spilavanda að stríða á þessu árabili.

Að lokum benda niðurstöður til þess að þeir sem flokkast með spilavanda stríði við meiri streitu og eru líklegri til að eiga í áfengisvanda en þeir sem spila vandkvæðalaust.

1. Inngangur

Rannsóknir á algengi og alvarleika spilafíknar á Íslandi hófust haustið 2002 og frá upphafi hefur verkefnið verið unnið innan sálfræðideildar Háskóla Íslands. Á þessum árum hefur margt áunnist með aukinni þekkingu á útbreiðslu spilafíknar og hugsanlegra áhættuþátta hennar. Fyrri rannsóknir á 13-18 ára unglingum sýndu t.d. að flestir unglingar spiluðu peningaspil að einhverju marki og var algengi spilavanda á bilinu 2%-3%. Niðurstöður þessara rannsókna sýndu jafnframt að drengir voru margfalt líklegri en stúlkur til að skimast með spilavanda og að mögulegir áhættuþættir spilavanda unglunga voru athyglisbrestur með ofvirkni, reglubundin neysla áfengis og annarra vímuefna og reglubundin þátttaka í peningaspilum eins og spilakössum, póker og veðmál á Netinu (Olason, Sigurðardóttir og Smári, 2006; Olason, Skarphéðinsson, Jónsdóttir, Mikaelsson og Gretarsson, 2006; Olason og Grétarsson, 2009; Kolbrún Baldursdóttir, Daníel Þór Ólason, Sigurður J. Grétarsson, Ágústa Rakel Davíðsdóttir og Ása Margrét Sigurjónsdóttir, 2008; Olason, Kristjansdóttir, Einarsdóttir, Haraldsson, Bjarnarson og Derevensky, 2011). Ljóst er hinsvegar að þessar rannsóknir á unglingum eru komnar nokkuð til ára sinna en um 10 ár eru liðin síðan síðasta rannsóknin á þessum hópi var gerð. Líklega hefur spilamynstur unglunga breyst mjög á þessum árum, með aukinni tækni og framþróun peningaspila á Netinu. Það er því mikilvægt að fylgja þessum rannsóknum eftir með nýrri rannsókn á þessum aldurshópi.

Árin 2005 og 2007 voru gerðar faraldsfræðilegar rannsóknir á þátttöku fullorðinna Íslendinga í peningaspilum og lagt var mat á algengi spilavanda. Aðferðafræðin var sú sama í báðum rannsóknum þar sem tekið var stórt slembiúrtak 5000 fullorðinna íslendinga og var svarhlutfall mjög viðunandi, 69% árið 2005 og 63% árið 2007. Niðurstöður rannsókna frá árunum 2005 og 2007 sýndu að meirihluti þjóðarinnar (tæplega 70% í báðum könnunum) spiluðu peningaspil og að algengi spilafíknar var mjög áþekkt, 0,5% árið 2005 og 0,3% árið 2007. Algengi spilavanda var það sama bæði árin, eða 1,6% (Daníel Þór Ólason, 2008; Daníel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir og Sigurður J. Grétarsson, 2005; Ólason og Grétarsson, 2009). Árið 2011

var gerð þriðja faraldsfræðilega rannsóknin þar sem meðal annars var kannað hvort efnahagshrunið í október 2008 hefði breytt þátttöku í peningaspilum meðal landsmanna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þátttaka í peningaspilum hafði aukist töluvert (76%) og aukinnar spilamennsku mátti helst rekja til meiri þátttöku í Lottói, póker, bingói og á erlendum netsíðum miðað við fyrri mælingarár. Aðeins þátttaka í spilakössum dróst saman yfir tímabilið. Algengi hugsanlegrar spilafíknar reyndist 0,8% og taldist 2,5% þjóðarinnar eiga við spilavanda að stríða, þar sem spilavandi var algengari meðal karla (4,3%) en kvenna (0,7%) (Daníel Þór Ólason, 2012). Algengi spilavanda var því hærra árið 2011 en hafði áður mælst árin 2005 og 2007. Frekari greiningar á gögnum leiddi hinsvegar í ljós að aukningu í spilavanda mátti helst skýra með aukinni þátttöku ungra karla í póker og í spilun peningaspila á erlendum vefsíðum. Hinsvegar mátti rekja meiri þátttöku í Lottó til efnahagshrunsins þar sem þeir sem áttu í fjárhagsvanda vegna efnahagshrunsins voru líklegri til að kaupa lottómiða en þeir sem ekki áttu við fjárhagsvanda að stríða (Ólason, Hayer, Brosowski and Meyer, 2015).

En peningaspil eru ekki eini áhættuþáttur spilavanda þar sem líðan og persónulegir eiginleikar spilara virðist einnig skipta máli. Þannig hafa rannsóknir sýnt töluverð tengsl á milli sálrænnar líðanar eins og depurð, kvíða og streitu við spilavanda (Crockford og El-Guebaly, 1998; Raylu og Oei, 2002; Vitaro, Arsenault og Tremblay, 1999; Volberg, 2001) og niðurstöður rannsókna benda einnig til mjög sterkra tengsla spilavanda við athyglisbrest með ofvirkni og áfengisvanda (Hardoon, Derevensky og Gupta, 2002; Kolbrún Baldursdóttir, Daníel Þór Ólason o.fl., 2008; Ólason o.fl., 2006; Ólason og Gretarsson, 2009; Specker, Carlson, Christensen og Marcotte, 1995). Þetta hefur hinsvegar verið lítið kannað á meðal fullorðinna hér á landi.

Markmið núverandi rannsóknar er í fyrsta lagi að kanna hvort það hafi orðið breytingar á þátttöku Íslendinga í peningaspilum síðan árið 2011 og þá sérstaklega hvort að aukin tækniþróun og framboð peningaspila á erlendum vefsíðum hafi haft áhrif á peningspilun landsmanna. Þetta er mikilvægt að kanna, sérstaklega þar sem fyrri rannsóknir hafa sýnt að spilavandi er algengari meðal þeirra sem spila peningaspil á

Netinu (Ólason o.fl.,2011; Wood og Williams, 2007). Í annan stað verða tengsl spilavanda við streitu, kvíða, depurð og áfengisvanda könnuð meðal þátttakenda en gert er ráð fyrir að þeir sem eigi við vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum stríði við meiri sálræna vanlíðan og séu líklegri til að flokkast með áfengisvanda en þeir sem annaðhvort spila ekki peningaspil eða spili þau án vandkvæða.

2. Samantekt á meginniðurstöðum rannsóknar

2.1. Framkvæmd rannsóknar

- Gagnasöfnun fór fram í síma og stóð yfir frá 7. mars til 19. júní 2017 og sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um þennan þátt rannsóknar. Rannsóknin byggir á stóru slembiúrtaki úr þjóðskrá (n = 5.000) og var svarhlutfall viðunandi (57%). Könnuð voru frávik í dreifingu helstu baksviðsbreyta í úrtaki við dreifingu í þýði og voru frávik óveruleg, eða á bilinu 1,2% til 3,8%.

2.2. Þátttaka í peningaspilum

- Rúmlega 77% landsmanna spiluðu að minnsta kosti einu sinni í peningaspilum á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun. Þetta er engin breyting frá síðustu könnun (2011) en þá spiluðu um 76% peningaspil. Niðurstöður könnunarinnar gefa jafnframt til kynna að rúmlega 176 þúsund fullorðinna Íslendinga hafi spilað peningaspil árið 2017.
- Rúmlega 18% landsmanna spiluðu peningaspil vikulega eða oft og var það marktæk aukning í reglubundinni þátttöku frá árinu 2011 (14,9%). Vikuleg spilamennska var mun algengari meðal karla en kvenna.
- Vinsælustu spilin eru Lottó, flokkahappdrætti, skafmiðar og bingó.
- Þegar þátttaka í mismunandi peningaspilum er borin saman við niðurstöður könnunar frá árinu 2011 kemur í ljós að þátttaka jókst í flokkahappdrætti, skafmiðahappdrætti og bingó en færri höfðu keypt miða í Lottó eða lagt undir í póker með spilum.
- Um 28% landsmanna höfðu lagt fé undir í peningaspilum á Netinu, flestir á íslenskum vefsíðum þar sem hægt er að spila lottó, kaupa miða í flokkahappdrættum eða giska á úrslit í fótbolta eða öðrum íþróttum.
- Um 5,7% landsmanna höfðu spilað á erlendum vefsíðum og er það töluverð aukning frá árinu 2011. Nokkrar breytingar hafa orðið á þátttöku á erlendum vefsíðum, en færri spila Netpóker og fleiri spila í Netspilakössum eða veðja á úrslit íþróttaleikja árið 2017 en gerðu árið 2011. Einnig var athyglisvert að

rúmlega 3% landsmanna hafði veðjað á atburði íþróttaleikja, en það voru fyrst og fremst ungir karlmenn.

- Þátttakendur voru beðnir um að nefna þá vefsíðu sem þeim datt fyrst í hug þegar þeir hugsuðu um peningaspil á Netinu. Vefsíðan Betsson.com var oftast nefnd en þar á eftir komu lotto.is og Bet365.com.
- Eins og í fyrri könnunum er niðurstaðan sú að karlar spila peningaspil í meira mæli en konur og nokkur munur er á milli kynja í vali á spilum. Karlar spila frekar peningaspil þar sem spilarar þurfa að þekkja reglur vel (t.d. póker) eða giska á úrslit í fótbolta eða öðrum íþróttagreinum. Karlar eru einnig í yfirgnæfandi meirihluta þeirra sem spila peningaspil á erlendum vefsíðum. Konur spila frekar peningaspil þar sem niðurstaðan er ávallt tilviljunarkennd, t.d. flokkahappdrætti og lottó. Undantekningin frá þessu eru spilakassar en karlar spila frekar í þeim en konur.
- Flestir þátttakendur telja sig hafa annað hvort tafað lítillega (47,9%) á þátttöku í peningaspilum, eða vera á sléttu (38,4%).
- Þegar fólk var spurt um ástæður fyrir spilun peningaspila kom í ljós að veigamestu ástæðurnar eru að styðja gott málefni, spila ánægjunnar vegna eða til að græða peninga. Athyglisvert var að karlar voru líklegri en konur til spila peningaspil spennunar vegna, ánægjunnar vegna, til að drepa tímann, vegna þess að það er ódýr afþreying eða til að nýta spilahæfileika sína. Konur hinsvegar voru líklegri en karlar til að spila peningaspil til að styðja góð málefni.

2.3. Spilavandi

- Niðurstöður benda til að um 0,3% fullorðinna Íslendinga eigi við líklega spilafíkn að stríða og um 2,1% sé í verulegum vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Má því áætla að um 2,3% þjóðarinnar eigi við spilavanda að stríða og með 95% öryggi má ætla að það sé á bilinu 4-7 þúsund manns.
- Spilavandi er hins vegar mismunandi eftir þjóðfélagshópum. Niðurstöður sýna að karlar eru líklegri en konur til að eiga í vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Þeir sem eru á aldrinum 18 til 25 ára voru margfalt líklegri til að

eiga við spilavanda að stríða en aðrir aldurshópar en einnig benda niðurstöður til að spilavandi sé algengari meðal þeirra sem hafa minni menntun og eru í lægri tekjuhópum.

- Þeir sem eiga við vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningspilum voru líklegri til að spila vikulega eða oft og í fleiri tegundum peningaspila en þeir sem spila vandkvæðalaust.
- Flestar tegundir peningaspila höfðu tengsl við spilavanda, en þegar búið var að stjórna fyrir þátttöku í mörgum peningaspilum reyndust tengslin aðeins vera að finna fyrir þátttöku í spilakössum, bingó og á erlendum vefsíðum.
- Nánari greining á tengslum þátttöku í peningaspilum á erlendum vefsíðum við spilavanda leiddi í ljós að það var fyrst og fremst þátttaka í Netspilakössum og veðmál á atburði íþróttaleikja sem tengdust spilavanda.
- Þeir sem eiga við spilavanda að stríða voru líklegri til þess að telja að þátttaka þeirra hefði haft neikvæð áhrif á fjárhag þeirra og vinnu og líklegri til að samþykkja að þeir hafi sofið minna vegna streitu og áhyggna af þátttöku sinni í peningaspilum en þeir sem spila án vandkvæða.
- Einnig kom í ljós að spilavandahópur skoraði hærra á streitu og var líklegri til að vera flokkaður með áfengisvanda en þeir sem spila vandkvæðalaust. Þessar niðurstöður giltu þó aðeins fyrir karla, ekki konur.
- Samanburður á niðurstöðum þessarar könnunar við niðurstöður sambærilegra kannana frá árinu 2007 og 2011 benda til þess að algengi líklegtrar spilafíknar sé lægra nú en það var árið 2011, en sambærilegt við tölu frá árinu 2007. Hinsvegar var engin munur á fjölda þeirra sem eiga við spilavanda að stríða árið 2017 og gerðu árið 2011.

3. Markmið og aðferðafræði rannsókna

Mikilvægt er að fylgjast reglulega með hugsanlegum breytingum í spilahegðun og í algengi spilafíknar meðal þjóðarinnar til að hægt sé að meta þörf á meðferðar- og forvarnarstarfi. Markmið þessarar rannsókna var að kanna spilahegðun og algengi spilafíknar meðal fullorðinna Íslendinga árið 2017. Árið 2011 var lögð áhersla á að spyrja ítarlega um þátttöku í peningaspilum á Netinu og var það einnig gert í þessari rannsókn. Sérstaklega var spurt ítarlegar um þátttöku í veðmálum á úrslit og atburði íþróttaleikja en gert hefur verið áður.

3.1. Skilgreining á spilafíkn

Spilafíkn má lýsa sem spilahegðun sem hefur í för með sér óæskilegar afleiðingar fyrir þann sem spilar, aðra í nánasta umhverfi hans og fyrir samfélagið. Andleg vanlíðan, þunglyndi, kvíði eða streita, eru algengir fylgifyskar spilafíknar og spilafíklar misnota oft áfengi eða önnur vímuefni. Spilafíkill er iðulega upptekinn af þrálátum þönkum um peningaspil og hugsar um leiðir til þess að spila áfram, gjarnan í þeim tilgangi að endurheimta glatað fé. Það eykur fjárhagslegan skaða þannig að við andlega vanlíðan bætist oft gjaldþrot (American Psychiatric Association, 2000; Raylu og Oei, 2002).

3.2. Skilgreining á peningaspilum

Peningaspil eru hvers kyns spil eða leikir þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum eða öðrum verðmætum og tilviljun ræður að einhverju eða öllu leyti niðurstöðunni.

3.3. Aðferð

Aðferðakaflinn er mjög ítarlegur og settur upp á hefðbundinn fræðilegan hátt. Þeir sem einkum hafa áhuga á niðurstöðum rannsóknarinnar er bent á að sleppa lestri þessa kafla og fara beint í niðurstöður (bls. 24).

3.3.1 Gagnaöflun

Öflun gagna fór fram með símaviðtölum og sá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um þann þátt rannsóknarinnar. Í upphafi hvers símtals fengu þátttakendur almennar upplýsingar um könnunina og hver stæði að henni. Þeim var gert ljóst að þátttaka væri frjáls og þeim væri ekki skylt að svara öllum spurningum. Þátttakendum var einnig gert ljóst að nafnleyndar væri gætt og ekki væri hægt að rekja niðurstöður til einstakra þátttakenda. Þeir sem samþykktu þátttöku fengu útskýringu á hugtakinu peningaspil og voru beðnir um að svara öllum spurningum samviskusamlega. Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu 7. mars til 19. júní 2017.

3.3.2 Svarhlutfall

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá var heildarfjöldi íbúa á aldrinum 18-70 ára 229.315 í janúar 2017. Tekið var 5000 manna slembiúrtak úr þjóðskrá.

Greining á svarhlutfalli má sjá í töflu 1. Þar kemur fram að 42 voru búsettir erlendis, 162 gátu ekki svarað vegna tungumálaörðugleika og 21 voru sjúklingar eða látnir. Nettóúrtak könnunar var því 4.775.

Alls svöruðu 2.703 könnuninni, 1282 karlar og 1421 kona. Svarhlutfall telst viðunandi eða tæp 57%. Meðalaldur þátttakenda var 43,60 ár og var enginn munur á meðalaldri karla ($m = 43,50$) og kvenna ($m = 43,70$) $t(2701) = 0,354$, $p=0,724$.

Tafla 1. Svarhlutfall og skipting brottfalls

	Fjöldi	Hlutfall brúttó	Hlutfall nettó
Tók þátt og lauk könnun	2703	54,1%	56,6%
Neitar að svara	632	12,7%	13,2%
Náðist ekki í	610	12,2%	12,8%
Símanúmer finnst ekki (rangt/ótengt nr.)	830	16,6%	17,4%
Búsettur erlendis	42	0,8%	
Útlendur (talar ekki íslensku)	162	3,2%	
Sjúklingar eða látnir	21	0,4%	
Samtals	5000	100%	100%

Samanburður á dreifingu baksviðsbreyta (kyn, aldur og búseta) í þýði og úrtaki sýndi að frávik voru ásættanleg eða á bilinu 1,2% til 3,8% (sjá töflu 2). Stærsta frávikidið (+3,8%) var í svörun elsta aldurshóps en einnig reyndist nokkur munur á svörun karla og kvenna (+/-3.7%) en hlutfallslega fleiri konur en karlar tóku þátt í könnuninni. Einnig náðist í nokkuð færri þátttakendur úr yngstu aldurshópunum.

Niðurstöður könnunar voru því vegnar samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá um kyn, aldurshópa og búsetu. Hlutfallstölur (%) í niðurstöðum um algengi spilahegðunar og spilafíknar eru því birtar fyrir vigtuð gögn. Fjöldatölur í töflum vísa hins vegar til óvigtaðra gagna og gefa því rétta mynd af fjölda í úrtaki.

Tafla 2. Fjöldataölur fyrir þýði og úrtak skipt eftir baksviðspáttum

	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki	Munur á hlutfalli þýðis og úrtaks
Kyn					
Karl	117.158	51,1%	1.282	47,4%	
Kona	112.157	48,9%	1.421	52,6%	+/-3,7%
Aldursflokkar					
18-25 ára	39.362	17,2%	430	15,9%	-1,3%
26-40 ára	71.464	31,1%	740	27,4%	-3,7%
41-55 ára	64.637	28,2%	796	29,4%	+1,2%
56-70 ára	53.852	23,5%	737	27,3%	+3,8%
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	147.679	64,4%	1.641	60,7%	
Landsbyggð	81.636	35,6%	1062	39,3%	+/-3,7%
Samtals	229.315	100%	2.703	100%	

3.3.3 Mælitæki.

Spurningalistinn var alls 197 spurningar en mjög misjafnt var hversu mörgum spurningum hver þátttakandi svaraði. Fjöldi spurninga fór eftir spilabátttöku en að meðaltali svaraði hver þátttakandi u.þ.b. 85 spurningum um spilabátttöku, spilafíkn og spurningum er tengjast þátttöku í peningaspilum. Hér verður gerð grein fyrir spurningum um spilahegðun og spilafíkn en allan spurningalistann má sjá í viðauka 2.

3.3.3.1 Tegundir peningaspila

Alls var spurt um þátttöku í 23 gerðum peningaspila í könnuninni en peningaspil eru hér skilgreind sem *hvers kyns spil eða leikir þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum eða öðrum verðmætum og tilviljun ræður að einhverju eða öllu leyti niðurstöðunni*. Þeir sem höfðu spilað a.m.k. einu sinni í peningaspili á síðustu 12 mánuðum voru síðan spurðir hversu oft þeir höfðu spilað á fimm punkta mælistiku þar

sem svarmöguleikar voru: (1) daglega, (2) þrisvar til sex sinnum í viku, (3) einu sinni til tvisvar í viku, (4) einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði og (5) nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum.

Spurt var um eftirfarandi peningaspil: Lottó (5/40, víkingalottó og Eurojackpot), skafmiða, flokkahappdrætti, bingó, fótboltagetraunir (1x2), lengjuna, spilakassa, póker, mótapóker, önnur spil upp á peninga (t.d. bridge, vist), leynileg spilavíti og hvort þátttakendur hefðu lagt peninga undir í leik eða íþrótt (t.d. snóker, golfi, fótbolta). Spurt var hvort þátttakendur hefðu spilað peningaspil á innlendum vefsíðum (t.d. lottó, getraunir, lengjuna og lengjan í beinni) eða á erlendum vefsíðum (t.d. netpóker, skafmiða, spilakassa, veðjað á úrslit íþróttakappleikja, veðjað á atburði íþróttakappleikja, 21, rúllettu o.s.frv.). Einnig voru þátttakendur spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir spiluðu peningaspil og hversu miklum tíma þeir eyddu í peningaspil í hvert sinn sem þeir spiluðu. Fyrir peningaspil á Netinu voru þátttakendur einnig spurðir á hvaða netsíðum þeir spiluðu helst. Þegar spurt var um íþróttaveðmál (Lengjan, Lengjan í beinni, úrslit íþróttaleikja á erlendum síðum, atburðir íþróttaleikja á erlendum síðum) voru þátttakendur einnig beðnir um að nefna hvaða tegund íþróttar þeir veðjuðu helst á. Fyrir netpóker var einnig spurt um fjölda borða sem spilað er í einu og hvort þeir hafi tekið þátt í skipulögðum pókermótum á Netinu (sjá nánar spurningalista í viðauka 2).

3.3.3.2 *Spilafíkn*

Problem gambling severity index (PGSI) (Ferris og Wynne, 2001) er kanadískt mælitæki, níu spurningar sem meta alvarleika spilafíknar undanfarna 12 mánuði. Hverri spurningu er svarað á fjögurra punkta stiku með svarmöguleikunum aldrei (0), stundum (1), oft (2) og næstum alltaf (3). Heildarskor liggur því á bilinu 0 til 27 stig og eru eftirfarandi viðmið notuð til flokkunar í spilavandahópa: Þeir sem fá ekkert stig teljast „spila peningaspil án vandkvæða“ (e. Non-problem gambler); þeir sem fá stig á bilinu 1-2 falla í hópinn „lítil hættu á vanda vegna peningaspila“ (e. Low risk gambler); þeir sem fá stig á bilinu 3-7 stig falla í hópinn „nokkur hættu á vanda vegna

peningaspila“ (e. Moderate risk gambler) og þeir sem skora 8 stig eða fleiri eiga við líklega spilafíkn að stríða (e. Problem gambler). Próffræðilegir eiginleikar mælitækisins eru ágætir en niðurstöður kanadískrar rannsóknar sýndu að allar spurningar hlóðu á einn þátt í þáttgreiningu og Alfa áreiðanleiki reyndist einnig fullnægjandi ($\alpha = 0,84$). Greiningarhæfni prófsins virðist einnig viðunandi (sjá nánar, Ferris og Wynne, 2001).

Daníel Þór Ólason, Sigurður J. Grétarsson og Sigríður Karen Bárudóttir þýddu PGSI (Problem gambling severity index) árið 2003 og var íslenska útgáfan síðan bakþýdd af löggiltum skjalapýðanda. Samanburður á upprunalegu útgáfunni og bakþýðingunni benti til þess að íslenska þýðingin væri fullnægjandi. PGSI var síðan forprófað á úrtaki 1266 íslenskra háskólanema og sýndi niðurstaða þáttgreiningar að öll atriði kvarðans hlóðu á einn þátt sem er í samræmi við upprunalega útgáfu (Ferris og Wynne, 2001). Áreiðanleiki íslensku útgáfunnar ($\alpha = 0,84$) reyndist einnig fullnægjandi (Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét Aðalheiður Hauksdóttir, og Sigríður Karen Bárudóttir, 2003).

3.3.3.3 *Streita*

Perceived Stress Scale (PSS - Cohen, Karmarck og Mermelstein, 1983). PSS er kvarði sem mælir að hve miklu leyti fólk metur aðstæður í lífi sínu streituvaldandi. Upphaflegi PSS listinn er 14 atriða kvarði þar sem þátttakendur eru beðnir um að svara staðhæfingum á 5 punkta Likert skala sem nær frá aldrei upp í mjög oft. Stytt 4 atriða útgáfa var notuð í þessa rannsókn, en atriði voru valin út frá hæstu fylgni atriða við heildarskor 14 atriða útgáfunnar. Áreiðanleiki 4-atriða PSS mældist $\alpha=0,72$ hjá Cohen ofl. (1983). Dæmi um spurningu er „Hversu oft varst þú örugg/ur með þær ákvarðanir sem þú þurftir að taka til að leysa úr persónulegum vandamálum?“ Þessi stytta útgáfa hefur reynst vel, sérstaklega í símakönnunum (Cohen ofl. 1983).

3.3.3.4 *Áfengisvandi*

C.A.G.E.-prófið (Ewing, 1984) var notað til þess að skima fyrir áfengisvanda þátttakenda en prófið þykir sérstaklega hentugt þegar skimun á að taka stuttan tíma. Prófið inniheldur 4. spurningar um áfengishegðun sem þátttakendur taka afstöðu til hvort eigi við þá með því að svara hverri spurningu með já eða nei. Dæmi um spurningu er: *Hefur þér fundist þú þurfa að draga úr áfengisneyslu þinni?*

Réttmætisrannsóknir á C.A.G.E. prófinu benda til að próffræðilegir eiginleikar prófsins séu mjög viðunandi og áreiðanleiki prófsins fullnægjandi (Dhalla og Kopec, 2007; Hays, Merz og Nicholas 1995). Stigagjöf prófsins er þannig að hvert já svar gefur 1 stig og teljast tvö stig af fjórum mögulegum benda til áfengisvanda (Buchsbaum o.fl., 1991).

3.3.4 Úrvinnsla

Úrvinnsla fór fram með hefðbundnum hætti, gögn skimuð vegna innsláttarvillna eða skekkju í dreifingu. Einnig voru svarstikur nokkurra breyta (t.d. menntun) umkóðaðar til að einfalda niðurstöður rannsókna.

3.3.4.1 Upplýsingar um eyðslu

Í tengslum við hvert peningaspil var safnað þrátt fyrir að svarendur eigi oft erfitt með að muna hversu mikið þeir hafa eytt í peningaspil og að jaðargildi (mjög háar upphæðir) geti gefið ranga mynd af meðalgildum slíkra breyta. Spurt var um eyðslu í hvert skipti sem peningaspil var spilað og einnig voru þátttakendur beðnir um að áætla hversu mikið þeir eyddu í dæmigerðum mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir könnun. Í þessari skýrslu eru aðallega birtar upplýsingar um eyðslu í hvert skipti sem peningaspil er spilað þar sem sú breyta hefur helst verið notuð í fyrri könnunum. Við úrvinnslu gagna kom í ljós að dreifing svara um eyðslu var jákvætt skekkt og nokkuð um jaðargildi. Í framsetningu niðurstaðna fyrir eyðslu í hverja tegunda peningaspila var því einnig reiknað miðgildi, sem er ekki háð skekkju í dreifingu og því oft nákvæmari mæling en meðaltal á meðalgildum í skekktri dreifingu.

3.3.4.2 Menntun svarenda

Breytan menntun svarenda var þrískipt í grunnnám, framhaldsskóla og háskólamenntun. Undir *grunnnám* féll almennt grunnskólanám. Undir *framhaldsskóla* féll almennt starfsnám, s.s. bókhalds-, ritara-, sjúkraliða-, lögreglu-, fiskvinnslu-, og hússtjórnarnám. Einnig bóklegt og verklegt framhaldsnám og iðnnám, s.s sveins- og meistarapróf, vélstjóra- og stýrimannapróf, búfræði, garðyrkjufræði eða tækniteiknun, verslunarpróf, samvinnuskólapróf og stúdentspróf. Undir *háskólamenntun* féllu próf úr sérskólum á háskólastigi, s.s. myndlistarnám, tækninám og almennt háskólanám, þ.e. þriggja ára háskólanám eða lengra (BA, BS, B.Ed, kandidateitnám, MA, MS, Phd.).

3.3.4.3 Aldur

Breytan aldur var flokkuð í fjóra flokka: 18-25 ára, 26-40 ára, 41-55 ára og 56-70 ára.

3.3.4.4 Búseta

Breytan búseta var skipt í tvö svæði: Höfuðborgarsvæði og landsbyggðin. Undir höfuðborgarsvæði tilheyra öll póstnúmer sem tilheyra Reykjavík (101 – 116) og allra nágrennasveitarfélaga með póstnúmer 200 – 225 og 270. Öll önnur póstnúmer falla undir landsbyggðina.

3.3.4.5 Fjölskyldutekjur

Breytan fjölskyldutekjur. Alls neituðu 25,2% (n=682) af úrtaki að gefa upp tekjur sínar eða heildartekjur fullorðinna á heimili. Við úrvinnslu tekjuupplýsinga var mynduð ný breyta, *fjölskyldutekjur*. Svör við fjölskyldutekjum byggist því aðeins á 2.021 þátttakenda. Til fjölskyldutekna töldust sameiginlegar mánaðarlegar tekjur hjóna eða sambúðarfólks eða einstaklingstekjur einstaklinga og var flokkun tekna byggð á samantekt Félagsvísindastofnunar á tekjudreifingu Íslendinga árið 2016. Fjölskyldutekjur voru því flokkaðar í fimm flokka, (1) minna en 450.000 kr. á mánuði

(27,1%), (2) 450.000 til 719.000 kr. á mánuði (24,6%), (3) 720.000 til 1.019.000 kr. á mánuði (21,2%), (4) 1.020.000 til 1.394.000 kr. á mánuði (11,7%) og (5) meira en 1.395.000 kr. á mánuði (15,4%).

3.3.4.6 Þátttaka í peningaspilum

Spurningar um tíðni þátttöku í peningaspilum voru umskráðar fyrir úrvinnslu á eftirfarandi hátt: Svarmöguleikarnir daglega, þrisvar til sex sinnum í viku og einu sinni til tvisvar í viku voru umskráðir í *vikulega eða oftar*. Einu sinni til þrisvar í mánuði var skilgreint sem *að minnsta kosti mánaðarlega* og nokkrum sinnum á síðasta ári var skilgreind sem *sjaldnar en mánaðarlega*. Svarmöguleikinn *aldrei* stóð óbreyttur.

3.3.5. Tölfræði

- Reiknað var kí-kvaðrat til að kanna tengsl spilahegðunar og spilafíknar við baksviðsbreytur könnunar.
- Ef niðurstöður byggðust á meðaltölum var notað t-próf eða einfaldar dreifigreiningar til að kanna marktækan mun milli hópa. Ef dreifing gagna uppfylltu ekki skilyrði normaldreifingar voru notuð úrtaksbundin próf.
- Aðferð Wilsons var notuð til að reikna 95% öryggisbil fyrir hlutföll (Newcombe, 1998).

4. Þátttaka í peningaspilum

4.1 Heildarþátttaka


Fyrst var kannað hversu margir höfðu spilað í peningaspili a.m.k. einu sinni undanfarið ár (sjá töflu 3). Í ljós kom að 77,3% (öryggisbil = 75,7-78,9) þátttakenda höfðu spilað a.m.k. einu sinni á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun, tæp 32% (öryggisbil = 29,9-33,4) a.m.k. mánaðarlega og rúmlega 18% (öryggisbil = 16,9-19,9) vikulega eða oft. Rúmlega fjórðungur Íslendinga höfðu spilað peningaspil á Netinu, mun fleiri á innlendum (24,4%; öryggisbil = 22,8-26,1) en erlendum vefsíðum (5,7%; öryggisbil = 4,9-6,7).

Tafla 3. Heildarþátttaka í peningaspilum

	Tíðni			
	A.m.k. einu sinni	Sjaldnar en mánaðarlega	A.m.k. mánaðarlega	Vikulega eða oft
	%	%	%	%
Þátttaka í öllum peningaspilum	77,3	27,2	31,7	18,4
Þátttaka í peningaspilum á Netinu	28,0	8,9	3,5	15,2
Peningaspil á innlendum vefsíðum	24,4	7,0	2,7	14,2
Peningaspil á erlendum vefsíðum	5,7	3,2	1,0	1,4

Aths. Áskrift í lottó telst hér til vikulegrar spilamennsku sem skýrir mun hærri tíðni vikulegrar spilamennsku á Netinu og á innlendum vefsíðum en mánaðarleg spilamennska. Örlítill frávik eru á þátttöku a.m.k. einu sinni og samanlagðri tíðni og skýrist af því að sumir þátttakendur treystu sér ekki til að tilgreina hversu oft þeir spiluðu í peningaspilum.

Kannað var hversu margar ólíkar tegundir peningaspila þátttakendur spila að meðaltali. Að meðaltali spiluðu þátttakendur 1,7 (miðgildi 1.0) ólík peningaspil undanfarna 12 mánuði. Flestir spila aðeins eina tegund en rúmlega 10% spila fjórar gerðir peningaspila eða meira (sjá mynd 1).



Mynd 1. Fjöldi peningaspila á síðustu 12 mánuðum

Í framhaldi var gerð greining á heildarþátttöku í peningaspilum eftir helstu baksviðsbreytum könnunarinnar (sjá töflu 4). Allar baksviðsbreytur (kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða, fjölskyldutekjur og búseta) höfðu marktæk tengsl við heildarþátttöku í peningaspilum. Karlmenn spiluðu frekar vikulega eða oftár en konur og þeir sem hafa lokið framhaldsskólaprófi sýnu meir en þeir sem hafa minni eða meiri menntun. Yngsti aldurshópurinn og þeir sem eru einhleypir spila síður vikulega en aðrir hópar. Að lokum má sjá að þeir sem höfðu lægstu tekjurnar spiluðu sjaldnar vikulega eða oftár en aðrir tekjuhópar og fólk á landsbyggðinni var líklegra til að taka þátt í peningaspilum en þeir sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 4. Heildarþátttaka í peningaspilum eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað peningaspil %	Sjaldnar en mánaðarlega %	A.m.k. mánaðarlega %	Vikulega eða oftár %	Kíkvaðrat
Kyn						19,56***
Karlar	1281	20,8	28,4	29,8	21,0	
Konur	1418	24,7	26,0	33,6	15,7	
Menntun						22,53**
Grunnskóli	559	20,6	30,9	31,4	17,1	
Framhaldsskóli	1028	20,9	26,9	33,0	19,2	
Háskóli	1063	27,6	23,2	30,5	18,6	
Aldursflokkar						296,99***
18 – 25 ára	428	33,0	47,5	12,6	6,9	
26 – 40 ára	739	22,3	29,0	29,4	19,3	
41 – 55 ára	795	17,5	22,1	37,6	22,8	
56 – 70 ára	737	21,4	15,3	42,0	21,3	
Hjúskaparstaða						117,41***
Einhleyp/ur	662	28,6	37,2	22,5	11,7	
Hjónaband/sambúð	1834	20,9	23,4	35,2	20,5	
Fráskilin(n)	127	16,5	23,1	38,0	22,3	
Ekill/ ekkja	28	16,0	4,0	48,0	32,0	
Fjölskyldutekjur						98,23***
Undir 450 þ.	474	28,2	37,7	24,3	9,9	
450-719 þ.	496	17,5	28,4	33,5	20,6	
720-1.019 þ.	451	20,3	23,3	34,3	22,1	
1.020-1.394 þ.	260	18,2	23,7	36,0	22,0	
1.395 þ og meira	347	21,3	18,1	35,8	24,8	
Búseta						23,25***
Höfuðborgarsvæði	1638	24,9	28,2	29,6	17,1	
Landsbyggðin	1061	18,9	25,1	35,2	20,8	

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$

Niðurstöður fyrir heildarþátttöku í peningaspilum á Netinu og þátttöku á annað hvort innlendum eða erlendum vefsíðum voru einnig greindar eftir baksviðsbreytum. Ekki reyndist unnt að greina eftir tíðni þátttöku fyrir þessar tegundir peningaspila þar sem of fáir spiluðu oft á Netinu. Greiningar byggjast því einfaldlega á hlutfalli þeirra sem höfðu einhvern tíma á síðustu 12 mánuðum spilað á Netinu og þeirra sem aldrei spiluðu á Netinu.

Niðurstöður fyrir heildarþátttöku á Netinu sýndu að karlar spiluðu mun meira peningaspil á Netinu en konur og einnig var Netspilun meiri með aukinni menntun. Yngstu (18-25 ára) og elstu (56-70 ára) aldurshóparnir voru ólíklegri til að spila á Netinu en aðrir aldurshópar og einhleypir ólíklegri en þeir sem voru giftir/í sambúð, ekkjar/ekkjur eða fráskildir. Lægsti tekjuhópurinn spilaði mun minna á Netinu en aðrir tekjuhópar en engin munur var á Netspilun þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu og þeirra sem búa á landsbyggðinni (sjá frekar í töflu A í viðauka 1).

Niðurstöður fyrir þátttöku á innlendum vefsíðum sýndu að karlar spiluðu frekar á innlendum vefsíðum en konur og spilamennska var meiri eftir því sem menntun þátttakenda var meiri. Yngsti aldurshópurinn var ólíklegastur aldurshópa til að spila á innlendum vefsíðum og sama gildir um einhleypa fyrir hjúskaparstöðu. Einnig reyndust þeir sem hafa minnstar fjölskyldutekjur (450 eða lægra) spila síður á innlendum vefsíðum en hærri tekjuhópar og þeir sem búa á landsbyggðinni voru líklegri til að spila á innlendum vefsíðum en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu B í viðauka 1).

Niðurstöður fyrir þátttöku á erlendum vefsíðum sýndu að karlar voru mun líklegri til að spila á erlendum vefsíðum en konur og þeir sem einungis hafa lokið grunnskólamenntun voru mun líklegri til að spila á erlendum vefsíðum en þeir sem hafa lokið háskólamenntun. Spilamennska á erlendum vefsíðum má helst finna hjá ungu fólki og einhleypir mun líklegri til slíkrar spilamennsku en aðrir hjúskaparhópar. Einnig kom í ljós að þeir sem hafa lægstu fjölskyldutekjurnar voru líklegri en aðrir tekjuhópar til að spila á erlendum vefsíðum en engin munur var á búsetu fólks (sjá töflu C í viðauka 1).

4.2 Tíðni þátttöku eftir mismunandi tegundum peningaspila

Lottó var vinsælasta peningaspilið meðal landsmanna. Alls höfðu 56% spilað lottó a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá töflu 5). Algengast var að kaupa lottómiða á sölustöðum en um 13% keyptu lottómiða á Netinu eða voru í áskrift. Á eftir lottó eru flokkahappdrætti, skafmiðar, bingó og spilakassar algengustu peningaspilin.

Póker (7,6%) var vinsælast meðal þeirra sem leggja fé undir í spilum en fáir taka þátt í skipulögðum pókermótum. Tæplega 7% landsmanna hefur tekið þátt í getraunum og rúmlega 4% spilað í Lengjunni. Athyglisvert var að álíka margir kaupa getraunaseðla (1x2 eða Lengjunni) á sölustöðum og á Netinu.

Tafla 5. Tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á Íslandi

Tegund peningaspila	Fjöldi	A.m.k. einu sinni á	Mánaðarlega	Vikulega eða
		síðustu 12 mánuðum	%	oftar
		% (öryggisbil)	%	%
Heildarþátttaka í Lottó	1553	56,0 (54,1-57,9)	9,2	16,3
Lottó á sölustöðum	1207	44,9 (43,0-46,8)	8,7	3,2
Lottó á Netinu	365	13,0 (11,8-14,3)	3,5	0,7
Lottó í áskrift á Netinu	376	13,2 (12,0-14,5)	-	13,2
Flokkahappdrætti	982	34,8 (33,1-36,7)	34,8	-
Skafmiðar	588	23,4 (21,8-25,0)	1,9	0,3
Bingó	381	14,6 (13,3-16,0)	0,1	0,1
Spilakassar	184	8,9 (7,9-10,1)	1,3	0,6
Heildarþátttaka í spilum	184	8,1 (7,1-9,2)	0,7	0,2
Póker (með spilum)	171	7,6 (6,6-8,7)	0,6	0,1
Bridge,vist (önnur borðspil)	20	0,9 (0,5-1,3)	0,0	0,0
Mótapóker	15	0,7 (0,4-1,1)	0,1	0,1
Heildarþátttaka í getraunum (1x2)	173	6,7 (5,8-7,7)	1,0	1,0
Getraunir (1x2) á sölustöðum	107	4,3 (3,6-5,2)	0,5	0,6
Getraunir (1x2) á Netinu	95	3,5 (2,9-4,3)	0,6	0,5
Heildarþátttaka í Lengjunni	104	4,2 (3,5-5,1)	0,7	0,4
Lengjan á sölustöðum	54	2,4 (1,8-3,0)	0,3	0,2
Lengjan á Netinu	69	2,7 (2,1-3,4)	0,4	0,3
Lengjan í beinni	21	0,8 (0,5-1,2)	0,1	0,1
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	33	1,5 (1,1-2,0)	0,1	0,0
Leynileg spilavíti	17	0,9 (0,5-1,3)	0,1	0,0

Tafla 6 sýnir tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á erlendum vefsíðum. Algengustu form peningaspila á Netinu voru veðmál á úrslit (4,3%) eða á atburði íþróttaleikja (3,2). Tæplega 2% sögðust spila Netpóker og rúmlega 1% hafði lagt fé undir í spilakössum eða spilað önnur peningaspil á Netinu undanfarna 12 mánuði fyrir könnun.

Tafla 6. Tíðni þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila á erlendum vefsíðum

Tegund peningaspila	Fjöldi	A.m.k. einu sinni á	Mánaðarlega	Vikulega eða
		síðustu 12 mánuðum	%	oftar
		% (öryggisbil)	%	%
Netpóker	38	1,8 (1,3-2,3)	0,3	0,3
Skafmiðar	5	0,2 (0,07-0,4)	0,0	0,0
Spilakassar	29	1,3 (0,9-1,8)	0,2	0,0
Veðja á úrslit íþróttaleikja	96	4,3 (3,6-5,1)	0,8	1,0
Veðja á atburði íþróttaleikja	70	3,2 (2,5-3,9)	0,4	0,8
Önnur peningaspil á Netinu (t.d. 21, rúlletta, bingó o.s.frv.)	25	1,2 (0,8-1,7)	0,1	0,0

4.3 Ítarlegri greining á þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila

Þátttaka Íslendinga í mismunandi tegundum peningaspila var greind frekar. Ekki var alltaf unnt að reikna tengsl þátttöku í mismunandi tegundum peningaspila og baksviðsbreyta þar sem mjög fáir þátttakendur spiluðu sumar tegundir peningaspila. Til að reikna tengsl sem flestra tegunda peningaspila við baksviðsbreytur var þátttaka í peningaspilum bara tvískipt (1 = spila ekki, 2 = spilar). Hafa ber í huga þegar tengsl peningaspila við baksviðsbreytur eru túlkaðar að tengslin geta ráðist af öðru samhengi. Þannig er mögulegt að ef t.d. einhleypir spila eina tegund peningaspila meira en aðrir hjúskaparhópar, má hugsanlega skýra það með aldri þátttakenda, þar sem yngstu þátttakendurnir eru líklegastir til að vera einhleypir.

Einnig var meðaleyðsla fyrir hvert peningaspil reiknað. Dreifing eyðslu var undantekningarlaust jákvætt skekkt. Fáir sögðust eyða mjög háum upphæðum í peningaspil sem leiðir til að meðaltal verður hærra og gefur því ekki rétta mynd af meðaleyðslu. Því var ávallt gefið upp meðaltal, staðalfrávik og miðgildi eyðslu fyrir hvert peningaspil. Miðgildi er sú tala sem skiptir öllum tölum dreifingar í tvennt, þannig að helmingur er fyrir ofan miðgildið og helmingur fyrir neðan það. Miðgildi er því iðulega betra mat á meðalgildi en meðaltal í mjög skekktum dreifingum þar sem miðgildi er ekki eins háð skekkju í dreifingu.

4.3.1 Lottó

Alls höfðu 56% Íslendinga spilað a.m.k. einu sinni eða oftár í Lottó undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Flestir (44,9%) kaupa miða á almennum sölustöðum (t.d. í söluturnum), en um 13% voru annaðhvort með miða í lottó áskrift eða höfðu keypt staka miða á vefsíðu Íslenskrar getspar (sjá nánar í töflu 5). Kannað var: (1) hversu margir höfðu keypt lottómiða síðustu 12 mánuði á öllum þremur sölustöðunum; (2) hversu margir keyptu miða á sölustöðum og á Netinu; (3) hversu margir keyptu miða á sölustöðum og voru í áskrift og (4) hversu margir keyptu miða á Netinu og voru í áskrift. Um 2% þátttakenda höfðu keypt lottómiða á öllum þremur stöðunum, um 6% keyptu miða á sölustöðum og á Netinu, 3,6% á sölustöðum og voru í áskrift og tæplega 1% voru í áskrift og keyptu á Netinu. Einnig var kannað í hversu miklum mæli fólk keypti miða í mismunandi tegundum Lottó, þ.e. Lottó 5/40, Víkingalottó eða Eurojackpot. Niðurstöður, greindar eftir mismunandi sölustöðum má sjá í töflu 7. Óháð sölustöðum er ljóst að flestir kaupa miða í lottó 5/40, því næst í Víkingalottó og síst í Eurojackpot. Áhugavert er þó að skoða að þeir sem kaupa staka miða á Netinu eru líklegri til að hafa keypt miða í Eurojackpot en þeir sem eru í áskrift eða kaupa á almennum sölustöðum.

Tafla 7. Mismunandi tegundir Lottó

Söluastaðir lottó	Lottó 5/40	Víkingalottó	Eurojackpot
Lottó á sölustöðum	90,2%	57,2%	19,7%
Lottó á Netinu	86,9%	61,8%	28,6%
Lottó í áskrift á Netinu (á mán.)	83,6%	57,5%	20,1%

Gerð var greining á þátttöku í Lottó eftir baksviðsbreytum (sjá töflu D í viðauka 1). Menntun, aldur, hjúskaparstaða, fjölskyldutekjur og búseta höfðu sterk tengsl við kaup á lottómiðum á almennum sölustöðum en tengsl voru minni fyrir kyn. Þeir sem hafa keypt lottómiða á almennum sölustöðum á síðustu 12 mánuðum voru líklegri til að hafa lokið grunn- og framhaldsskóla- en háskólamenntun, vera á aldrinum 26 til 70 ára

og vera í hjónabandi eða í sambúð, fráskildir eða misst maka sína. Þeir voru einnig líklegri til að hafa fjölskyldutekjur á bilinu 450.000 til 1.394.000 en lægri eða hærri tekjur og vera búsettir á landsbyggðinni.

Þeir sem keyptu staka miða á vefsíðu Íslenskrar Getspá voru líklegri til að vera karlar með framhalds- eða háskólamenntun, á aldrinum 26 til 55 ára og með fjölskyldutekjur hærri en 450.000 (sjá nánar töflu D í viðauka 1).

Þeir sem voru í áskrift að lottómiðum á Netinu voru marktækt líklegri til að vera með háskólamenntun, á aldrinum 26-70 ára, með fjölskyldutekjur yfir 450 þúsund og vera í hjónabandi/sambúð, fráskildir eða ekkjar/ekkjur (sjá nánar töflu D í viðauka 1).

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir keyptu lottómiða. Eins og sjá má í töflu 8 benda meðaltöl til að eyðsla lottóspilara sé svipuð hvort sem þeir kaupi sér lottómiða á almennum sölustöðum eða miða á Netinu. Mánaðarleg eyðsla í áskrift er skiljanlega aðeins hærri en eyðsla í hvert sinn á hinum stöðunum. Staðalfrávik sýna að dreifing er mikil og þar sem dreifing er jákvætt skekk gefur miðgildi mun betri mynd af meðalgildi en meðaltal.

Tafla 8. Meðaleyðsla í Lottó

Sölustaðir Lottó	Meðaltal	Staðalfrávik	Miðgildi
Lottó á sölustöðum	1.334 kr	2.426 kr	1.200 kr
Lottó á Netinu	1.257 kr	1.192 kr	1.000 kr
Lottó í áskrift á Netinu (á mán)	2.381 kr	4.568 kr	1.500 kr

4.3.2 Flokkahappdrætti:

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eiga tæplega 35% landsmanna miða í flokkahappdrætti. Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) er stærst, en 25,1% þátttakenda sögðust eiga miða í HHÍ, því næst SÍBS með tæplega 12% landsmanna og happdrætti

DAS með rúmlega 7%. Kannað var hvort þátttakendur ættu miða í fleiri en einu flokkahappdrætti og í ljós kom að um 4% áttu bæði miða í HHÍ og DAS, 5,6% bæði í HHÍ og SÍBS og 2,4% í DAS og SÍBS. Tæplega 2% landsmanna áttu miða í öllum þremur flokkahappdrættunum. Þátttakendur voru einnig spurðir hvernig þeir hefðu keypt miða í flokkahappdrætti. Alls höfðu 36,5% keypt miða hjá umboðsmönnum, 25,3% á heimasíðum flokkahappdrætta og 42% höfðu keypt miða í gegnum síma hjá umboðsmönnum.

Að lokum voru þátttakendur spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu í hverjum mánuði í kaup á miðum í flokkahappdrætti. Að meðaltali eyddu landsmenn um 2.884 (sf = 4.292 kr.) krónum í flokkahappdrætti. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 1.500 kr.

Gerð var greining á þátttöku í flokkahappdrætti eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu D í viðauka 1). Kyn, aldur, hjúskaparstaða, fjölskyldutekjur og búseta höfðu tengsl við kaup á miðum í flokkahappdrætti. Þeir sem áttu miða í flokkahappdrætti á síðustu 12 mánuðum voru frekar konur en karlar, á aldrinum 41 til 70 ára, ekkjur eða ekkjar frekar en aðrir, hafa fjölskyldutekjur yfir 450 þús og búa á landsbyggðinni.

4.3.3 Skafmiðar

Alls höfðu rúmlega 23% landsmanna keypt skafmiða á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Gerð var greining á skafmiðakaupum eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu D í viðauka 1). Menntun, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við kaup á skafmiðum. Líkandi til þess að hafa keypt skafmiða á síðustu 12 mánuðum voru marktækt meiri hjá þeim sem hafa eingöngu lokið grunnskólamenntun, eru á aldrinum 18 til 40 ára og með fjölskyldutekjur undir 450 þús. Þeir sem voru einhleypir voru líklegri en aðrir hjúskaparhópar til að kaupa skafmiða.

Þátttakendur voru einnig spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir keyptu skafmiða. Að meðaltali eyddu skafmiðaspilarar um 391 (sf = 572 kr) krónu í skafmiðakaup. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 200 kr.

4.3.4 Skafmiðar á erlendum vefsíðum

Aðeins reyndust 0,2% (n=5) landsmanna hafa keypt skafmiða á erlendum vefsíðum á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar töflu 6). Ekki var því unnt að gera frekari greiningu á spurningum um kaup á skafmiðum á Netinu.

4.3.5 Spilakassar

Alls höfðu um 8,9% landsmanna spilað í spilakassa á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5 og skiptingu eftir baksviðsbreytum í töflu E í viðauka 1). Kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við þátttöku í spilakössum. Þeir sem höfðu spilað í spilakassa á síðustu 12 mánuðum voru marktækt oftast karlmenn en konur, frekar með grunnskólamenntun, á aldrinum 18 til 25 ára, oftast einhleypir og með fjölskyldutekjur undir 720.000.

Þátttakendur voru spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir spiluðu. Að meðaltali eyddu þeir um 1.193 (sf = 2.374 kr) krónum í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 600 kr.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn í spilakössum. Að meðaltali var það u.þ.b. 11 mínútur (sf = 13,30). Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 7 mínútur.

Kannað var hvar fólk spilaði helst í spilakössum. Spurt var um þátttöku á þremur stöðum: (1) spilakassar í söluturnum, á bensínstöðvum, skyndibitastöðum eða myndbandaleigum: (2) spilakassar í spilasölum: (3) spilakassar á vínveitingastöðum (krám, veitingahúsum) (Íslandsspil og HHÍ). Flestir reyndust spila í spilakössum í söluturnum, bensínstöðvum, á skyndibitastöðum, myndbandaleigum eða annars staðar, en rúmlega 80% þátttakenda sem spila í spilakössum höfðu spilað á þessum stöðum. Til samanburðar spiluðu rúmlega 24% á vínveitingastöðum eða í spilasölum. Nánari greining á tíðni á hverjum stað má sjá í töflu 9.

Tafla 9. Tíðni þátttöku í spilakössum eftir staðsetningu

Staðsetning spilakassa	Aldrei	Sjaldnar en	Mánaðarlega	Vikulega
	%	mánaðarlega %	%	eða oftar %
Söluturnar, myndbandaleigur, bensínstöðvar, skyndibitastaðir	18,6	62,0	13,0	6,4
Spilasalir	75,9	21,1	0,8	2,2
Vínveitingarstaðir	75,7	21,3	1,5	1,4

4.3.6 Þátttaka í spilakössum á erlendum vefsíðum

Um 1,3% (n=35) landsmanna sögðust hafa spilað í spilakassa á erlendum vefsíðum (sjá nánar töflu 6). Setja verður fyrirvara á tölfræðigreiningu á spurningum um spilakassa á erlendum vefsíðum þar sem svo fáir þátttakendur svöruðu þeim spurningum. En þátttakendur eyddu að meðaltali um 1.829 (SF = 2.024 kr.) krónum í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 1.000 kr.

4.3.7 Lagt undir í spilum

Alls höfðu 8% Íslendinga lagt peninga undir í spilum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Þátttaka í póker með spilum var mun meiri (7,6%) en í öðrum tegundum af borðspilum (0,9%) eins og bridge eða vist (sjá nánar töflu 5). Einungis 0,1% höfðu lagt

fé undir í bæði póker og öðrum borðspilum á undanförunum 12 mánuðum. Einnig var kannað hversu hátt hlutfall af pókerspilurum spiluðu póker með spilum, mótapóker og netpóker. Alls voru það um hálf prósenta sem spiluðu allar þrjár tegundir pókers, 0,1% spiluðu bæði póker með spilum (heimahúsum) og mótapóker og 1,0% landsmanna sem lögðu fé undir í póker með spilum og í netpóker.

4.3.7.1 Póker með spilum

Þátttaka í póker með spilum var greind eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu E í viðauka 1). Allar baksviðsbreytur höfðu tengsl við þátttöku í póker með spilum. Þeir sem höfðu lagt fé undir í póker á síðustu 12 mánuðum voru að langmestu leyti karlar, á aldrinum 18 til 40 ára, einhleypir og með grunn- eða framhaldsskólamenntun. Tengsl við tekjur voru ekki eins skýr en tilhneigingin var að þeir sem hafa fjölskyldutekjur undir 450.000 spila helst póker og þeir sem eru á bilinu 1.020.000 – 1.394.000 síst. Póker með spilum var frekar spilaður á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Þátttakendur voru spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spiluðu póker með spilum. Að meðaltali eyddu pókerspilarar um 4.030 (sf = 4.498) krónum í hvert sinn. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 2.500 kr.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn. Að meðaltali spiluðu þátttakendur í u.þ.b. þrjár klst. og 5 mínútur (sf = 1 klst. og 40 mín.) í hvert sinn sem þeir spiluðu póker. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 3 klst.

4.3.7.2 Mótapóker

Mjög fáir spila mótapóker hér á landi eða aðeins um 0,7% (n=15) og því þarf að setja fyrirvara við allar greiningar gerðar sérstaklega fyrir mótapóker. Þegar gerð var greining á þátttöku í skipulögðum pókermótum eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu E

í viðauka 1) kom í ljós að aðeins kyn hafð marktæk tengsl við þátttöku í mótapóker og það voru helst karlar sem höfðu lagt fé undir í mótapóker á síðustu 12 mánuðum.

Þátttakendur voru einnig spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spiluðu mótapóker. Að meðaltali eyddu pókerspilarar í mótapóker um 7.476 (sf = 5.927) krónum í hvert sinn sem þeir tóku þátt í mótum. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 7.100 kr.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn sem þeir spiluðu í póker mótum. Að meðaltali spiluðu þátttakendur í u.þ.b. 4 klst. og 10 mínútur (sf = 3 klst. og 39 mín.) hvert sinn sem þeir spiluðu mótapóker. Dreifing var jákvætt skekkt og reyndist miðgildi vera 2 klst og 45 mínútur.

4.3.7.3 Netpóker

Alls höfðu 1,8% landsmanna lagt peninga undir í netpóker á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 6). Gerð var greining á þátttöku í netpóker eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu E í viðauka 1). Kyn, menntun og aldur höfðu marktæk tengsl við þátttöku í netpóker. Þeir sem höfðu lagt fé undir í netpóker á síðustu 12 mánuðum voru nánast eingöngu karlmenn, líklegri til að vera á aldrinum 18 til 25 ára en á öðrum aldri og hlutfallslega fleiri á meðal þeirra sem ekki hafa lokið menntun eftir grunnskóla spila netpóker en meðal þeirra sem hafa lokið framhalds- eða háskólamenntun.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir spila netpóker. Að meðaltali eyddu netpókerspilarar um 2.068 (sf = 2.223 kr) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu. Dreifing var til muna jákvætt skekkt og því var miðgildi reiknað. Miðgildi reyndist vera 1.628 kr.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn sem þeir spiluðu netpóker. Að meðaltali spiluðu þátttakendur í u.þ.b. 1 klst. og 54 mínútur (sf = 1 klst. og 25 mín.) í hvert skipti. Jákvæð skekkja var í dreifingu gilda og reyndist miðgildi vera 1 klst.

Pókerspilarar voru einnig spurðir um á hversu mörgum borðum þeir spila samtímis og hvort þeir hafi tekið þátt í skipulögðum mótum á Netinu. Í ljós kom að tæplega þriðjungur spilar á fleiri en einu borði samtímis og tæplega helmingur netpókerspilara höfðu tekið þátt í skipulögðum póker mótum á Netinu.

Að síðustu var spurt á hvaða vefsíðum netpókerspilarar spila helst. Langflestir nota pokerstars.com (66%) en aðrar síður helst nefndar voru Betsson.com, partypoker.com og 888.com.

4.3.7.4 Bridge, vist eða önnur borðspil

Aðeins 0,9% (n = 20) svarenda hafa lagt peninga undir í bridge, vist eða öðrum borðspilum á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5).

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti. Að meðaltali eyddu þeir sem leggja fé undir í bridge eða öðrum borðspilum um 956 (sf = 1.205 kr) krónum í hvert skipti. Miðgildi eyðslu í veðmál á bridge eða önnur borðspil reyndist vera 627 krónur. Þátttakendur voru einnig beðnir um að áætla hversu lengi þeir spiluðu í hvert sinn sem þeir spiluðu bridge eða önnur borðspil. Að meðaltali spiluðu þátttakendur í u.þ.b. 1 klst. og 31 mínútur (sf = 1 klst. og 2 mín.) í hvert skipti. Jákvæð skekkja var í dreifingu gilda og reyndist miðgildi vera 1 klst og 20 mínútur.

4.3.8 Getraunir (1x2)

Alls höfðu 6,7% Íslendinga tekið þátt í getraunum (1x2) undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Um 4,3% keyptu getraunaseðla í verslunum, söluturnum o.s.frv. en 3,5% keyptu getraunaseðla á Netinu (sjá nánar í töflu 5). Kannað var hversu hátt hlutfall af

getraunaspilurum keyptu bæði getraunaseðla á almennum sölustöðum og á Netinu. Alls keyptu 1,1% getraunaseðla á báðum stöðum.

4.3.8.1 Getraunaseðlar keyptir á almennum sölustöðum

Gerð var greining á þátttöku í getraunum þar sem getraunaseðlar voru keyptir í verslunum o.s.frv. eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka 1). Þátttaka í getraunum tengdist fyrst og fremst kyni og að einhverju leiti hjúskaparstöðu. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla á síðustu 12 mánuðum voru í megindráttum karlmenn. Einnig virðast einhleypir frekar kaupa getraunaseðla á almennum sölustöðum en aðrir hjúskaparhópar.

Þátttakendur voru spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert skipti sem þeir keyptu getraunaseðla á almennum sölustöðum. Að meðaltali eyddu getraunaspilarar um 1.235 (sf = 904 kr) krónum. Dreifing var jákvætt skekkt og var miðgildi 1.000 kr.

4.3.8.2 Getraunaseðlar keyptir á vefsíðu Íslenskra getrauna

Gerð var greining á þátttöku í getraunum þar sem getraunaseðlar eru keyptir á vefsíðu Íslenskra getrauna eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka 1). Einungis kyn hafði marktæk tengsl við kaup á getraunaseðlum á Netinu og þeir sem höfðu keypt getraunaseðla á síðu Íslenskra getrauna á síðustu 12 mánuðum voru nánast eingöngu karlmenn.

Þátttakendur voru spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu að jafnaði í hvert skipti í kaup á getraunaseðlum á Netinu. Að meðaltali var eyðslan um 1.186 (sf = 949 kr) krónur í hvert sinn. Miðgildi reyndist vera 1.000 kr.

4.3.9 Lengjan

Alls höfðu 4,2% landsmanna spilað í Lengjunni undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Álíka margir keyptu getraunaseðla í verslunum og á öðrum sölustöðum (2,4%) og keyptu á Netinu (2,7%) (sjá nánar í töflu 5). Einnig var kannað hversu hátt hlutfall keyptu bæði á almennum sölustöðum og á Netinu. Alls voru það 0,8% landsmanna sem keyptu getraunaseðla í Lengjuna á báðum stöðum.

4.3.9.1 Getraunaseðlar í Lengjunni keyptir á almennum sölustöðum

Gerð var greining á þátttöku í Lengjunni þar sem getraunaseðlar voru keyptir á almennum sölustöðum eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu F í viðauka 1). Kyn, aldur og menntun höfðu marktæk tengsl við þátttöku. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla á síðustu 12 mánuðum voru helst karlar á aldrinum 18 til 40 ára. Einnig reyndust þeir sem hafa grunnskóla- eða framhaldsskólamenntun vera líklegri en þeir sem hafa háskólamenntun til að kaupa getraunaseðla á almennum sölustöðum. Að meðaltali eyddu Lengjuspilarar um 1.139 (sf = 915 kr) krónum í hvert skipti við kaup á getraunaseðlum á almennum sölustöðum. Miðgildið var 1.000 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir um á úrslit hvaða íþróttaviðburða þeir veðja helst á þegar þeir kaupa getraunaseðla í Lengjunni á almennum sölustöðum. Nánast allir þátttakendur veðja á úrslit fótboldaleikja (95,4%) en því næst koma veðmál á úrslit körfuboltaleikja (11,2%), handboltaleikja (6,6%) og bardagaíþróttá (3,5%).

4.3.9.2 Getraunaseðlar í Lengjuna keyptir á vefsíðu Íslenskra getrauna

Gerð var greining á þátttöku í Lengjunni þar sem getraunaseðlar voru keyptir á vefsíðu Íslenskra getrauna eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu F í viðauka 1). Kyn og aldur tengdust þátttöku í getraunum á Netinu. Þeir sem höfðu keypt getraunaseðla í Lengjuna á heimasíðu Íslenskra getrauna á síðustu 12 mánuðum voru nánast

eingöngu karlmenn. Tengsl fyrir aldur voru óljósari þar sem lítil munur var á fjölda þeirra sem keyptu miða fyrir flesta aldurshópa nema að þeir sem voru eldri en 56 ára voru ólíklegastir til að kaupa getraunaseðla í Lengjunni á vefsíðu Íslenskra getrauna.

Þátttakendur voru spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu að meðaltali í hvert sinn í getraunaseðla í Lengjunni á heimasíðu Íslenskra Getrauna. Að meðaltali eyddu netlengjuspilarar um 1.111 (sf = 1.237 kr) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu Lengjuna á heimasíðu Íslenskra getrauna. Dreifing var jákvætt skekkt og reyndist miðgildi vera 917 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir um á úrslit hvaða íþróttaviðburða þeir veðja helst á þegar þeir kaupa getraunaseðla í Lengjunni á vefsíðu Íslenskra getrauna. Nánast allir þátttakendur veðja á úrslit fótboltaleikja (97,7%) en því næst koma veðmál á úrslit körfuboltaleikja (17,7%) og handboltaleikja (7,3%). Nánast enginn svarandi veðjaði á úrslit bardagaíþrótta, golf eða íshökkí á heimasíðu Íslenskra getrauna.

4.3.10 Lengjan í beinni

Alls höfðu 0,8% (n= 21) íslendinga (einungis karlmenn) tippað í beinni á Netinu undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Varlega þarf að fara í túlkun gagna sem byggir á svo fáum þátttakendum. Það má nefna að spilarar eyddu að meðaltali um 1.256 (sf = 1.386 kr) krónum í hvert sinn sem þeir spiluðu Lengjan í beinni. Dreifing var jákvætt skekkt og var miðgildi 927 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir um á atburði eða úrslit hvaða íþróttaviðburða þeir veðja helst á þegar þeir spila Lengjan í beinni. Allir þátttakendur veðjuðu á atburði eða úrslit fótbolta en því næst koma veðmál á úrslit handboltaleikja (6,6%) og körfuboltaleikja (4,5%). Ekki var veðjað á atburði eða úrslit annara íþróttaviðburða á Lengjan í beinni.

4.3.11 Veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum

Alls reyndust 4,3% þátttakenda hafa veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá nánar töflu 6). Kyn, menntun, aldur, hjúskaparstaða og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við veðmál á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum (sjá nánar töflu G í viðauka 1). Karlmenn voru mun líklegri en konur til að veðja á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum og einhleypir líklegri en aðrir hjúskapahópar. Einnig eru þeir sem hafa grunn – eða framhaldsskólamenntun líklegri til slíkra veðmála en þeir sem hafa háskólamenntun og slík veðmál voru mest áberandi hjá yngsta aldurshópnum. Tengsl voru ekki eins skýr fyrir fjölskyldutekjur en svo virðist sem að lægsti tekjuhópurinn og þeir sem hafa tekjur á bilinu 720.000 til 1.019.000 vera líklegri til að veðja á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum en aðrir tekjuhópar.

Þátttakendur voru spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu í hvert sinn í veðmál á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Að meðaltali eyddu þátttakendur um 3.176 (sf = 3.177 kr) krónum í hvert sinn sem þeir veðjuðu á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Dreifing var jákvætt skekkt og reyndist miðgildi vera 2.500 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir um á úrslit hvaða íþróttaviðburða þeir veðja helst á þegar þeir stunda veðmál á erlendum vefsíðum. Nánast allir þátttakendur veðjuðu á úrslit fótbolta (91%) en því næst koma veðmál á úrslit körfuboltaleikja (28,3%) og handboltaleikja (10,3%). Einnig var töluvert veðjað á úrslit bardagaíþróttar (18,5%) og tennis (4,2%) en lítið á aðrar íþróttagreinar.

Að síðustu var spurt hvaða vefsíður þátttakendur noti helst til að veðja á úrslit íþróttakappleikja. Langflestir nota annaðhvort Bet365.com (51%) eða Betsson.com (39,0%) en aðrar síður einnig nefndar voru partypoker.com, 888.com og Williamhill.com.

4.3.12 Veðjað á atburði íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum

Alls reyndust 3,2% þátttakenda hafa veðjað á atburði eða úrslit íþróttakappleikja á meðan á þeim stendur (e. live betting) erlendum vefsíðum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá nánar töflu 6). Kyn, menntun, aldur og fjölskyldutekjur höfðu tengsl við veðmál á atburði eða úrslit íþróttakappleikja á meðan á þeim stendur á erlendum vefsíðum (sjá nánar töflu G í viðauka 1). Karlmenntu voru mun líklegri en konur til að stunda slík veðmál og einnig reyndust þeir sem hafa grunn – eða framhaldsskólamenntun líklegri til slíkra veðmála en þeir sem hafa háskólamenntun. Aldurshópurinn 18 til 25 ára stundar einnig slík veðmál í áberandi meira mæli en aðrir aldurshópar og tilhneigingin var sú að lægsti tekjuhópurinn var líklegri en aðrir tekjuhópar til að veðja á atburði eða úrslit íþróttakappleikja á meðan á þeim stendur á erlendum vefsíðum.

Þátttakendur voru spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu í hvert sinn í veðmál á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum. Að meðaltali eyddu þátttakendur um 2.830 (sf = 2.870 kr) krónum í hvert sinn sem þeir veðjuðu á atburði eða úrslit íþróttakappleikja á meðan á þeim stóð á erlendum vefsíðum. Dreifing var jákvætt skekkt og reyndist miðgildi vera 2.000 kr.

Þátttakendur voru einnig spurðir um á úrslit hvaða íþróttaviðburða þeir veðja helst á þegar þeir stunda veðmál á erlendum vefsíðum. Nánast allir þátttakendur veðjuðu á atburði eða úrslit fótbolta (97%) en því næst koma veðmál á atburði körfuboltaleikja (21,0%) og handboltaleikja (11,5%). Einnig var nokkuð veðjað á úrslit bardagaíþróttar (10,3%) og tennis (3,5%) en lítið á aðrar íþróttagreinar.

Að síðustu var spurt hvaða vefsíður þátttakendur noti helst til að veðja á atburði eða úrslit íþróttakappleikja á meðan á þeim stendur. Eins og fyrir veðmál á úrslit íþróttakappleikja reyndust langflestir nota annaðhvort Bet365.com (60%) eða Betsson.com (31,0%) þegar þeir stunda veðmál í beinni á atburði eða úrslit

Íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum en aðrar síður einnig nefndar voru Williamhill.com og betfair.com.

4.3.13 Bingó

Alls kváðust um 14,6% svarenda hafa spilað í Bingó á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Þátttaka var greind eftir baksviðsbreytum (sjá nánar töflu E í viðauka 1). Fyrst og fremst aldur hafði marktæk tengsl við bingó en einnig reyndust vera frekar veik tengsl við hjúskaparstöðu og fjölskyldutekjur. Þeir sem spiluðu bingó á síðustu 12 mánuðum voru líklegri til að vera á aldrinum 18 til 40 ára en öðrum aldri en einnig virðast ekkjur/ekklar síður spila Bingó en aðrir hjúskapahópar. Einnig mátti sjá tilhneigingu til línulegra tengsla við fjölskyldutekjur þar sem þátttaka í Bingó verður minni með hækkandi fjölskyldutekjum.

Þátttakendur voru einnig spurðir um hversu miklum peningum þeir eyddu venjulega í hvert sinn sem þeir spiluðu bingó. Að meðaltali eyða bingóspilarar um 1.559 (sf = 1.421 kr) krónum í bingó. Dreifing var jákvætt skekkt og því gefur miðgildi nákvæmari mynd af meðalgildi en meðaltal. Miðgildi reyndist vera 1.000 kr.

4.3.14 Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt

Alls höfðu um 1,5% landsmanna veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt á undanförunum 12 mánuðum fyrir könnun (sjá nánar í töflu 5). Gerð var greining á þátttöku eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu G í viðauka 1). Það var helstu aldur en einnig menntun og búseta sem tengdust þátttöku í veðmálum. Þeir sem veðjuðu á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt á síðustu 12 mánuðum voru helst á aldrinum 18 til 25 ára, búsettir á höfuðborgarsvæðinu og líklegri til að hafa lokið aðeins grunnskólamenntun.

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu miklum peningum þeir eyddu í hvert sinn í veðmál á eigin frammistöðu. Að meðaltali eyddu þeir um 1.852 (sf = 1.568 kr) krónum. Dreifing var jákvætt skekkt og var miðgildi 1.000 kr.

4.3.15 Leynileg spilavíti

Aðeins 0,9% (n= 17) Íslendinga höfðu spilað peningaspil í leynilegum spilavítum hérlendis (sjá nánar í töflu 5). Gerð var greining á þátttöku eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu G í viðauka 1). Kyn, aldur, menntun og búseta tengdust þátttöku í veðmálum í leynilegum spilavítum. Karlar voru líklegri en konur til að hafa spilað peningaspil í leynilegu spilavíti, einnig reyndust þeir sem voru 40 ára eða yngri líklegri en þeir sem eldri eru og fólk með grunnskólamenntun líklegri en þeir sem hafa lokið meiri menntun. Að síðustu, reyndust þeir sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu mun líklegri til að hafa spilað peningaspil í leynilegu spilavíti en þeir sem eru búsettir á landsbyggðinni.

Þegar skoðað var hvað þátttakendur eyddu miklu fé í leynilegum spilavítum í hvert sinn sem þeir heimsóttu slíka staði kom í ljós að þeir eyddu að meðaltali um 7.877 (sf = 5.610 kr) krónum. Dreifing reyndist neikvætt skekkt og var miðgildi 10.000 kr.

4.3.16 Önnur peningaspil á erlendum vefsíðum (t.d. 21, rúlletta o.s.frv.)

Að lokum, reyndust 1,2% landsmanna hafa spilað önnur peningaspil (t.d. 21, rúllettu) á erlendum vefsíðum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun (sjá nánar í töflu 6). Gerð var greining á þátttöku eftir baksviðsbreytum (sjá nánar í töflu G í viðauka 1). Kyn og aldur tengdust sterklega þátttöku í öðrum peningaspilum á erlendum vefsíðum og einnig reyndust vera tengsl við menntun. Karlar voru mun líklegri en konur til að hafa spilað önnur peningaspil á erlendum vefsíðum og spilarar er helst á 18 til 40 ára. Einnig kom í ljós sú tilhneiging að spilarar voru frekar með grunn- eða framhaldsskólamenntun en háskólamenntun. Þátttakendur voru spurðir um hvaða tegund peningaspila þeir spiluðu helst á slíkum vefsíðum og svo virðist sem helst séu peningaspilin 21 (e. Blackjack) (59%) og rúlletta (57%) spiluð á erlendum vefsíðum.

Í ljós kom að þátttakendur eyddu að meðaltali um 3.249 (sf = 2.468 kr) krónum í hvert sinn sem þeir spiluð önnur peningaspil á erlendum vefsíðum. Miðgildi var 3000 kr.

Einnig var spurt um á hvaða vefsíðu önnur peningaspil voru spiluð og virðist það helst vera Betsson.com (38%), bet365.com (29%) og einnig voru nefndar síður eins og pokerstars.com og Williamhill.com.

4.4 Heiti vefsíðna sem svarendum datt fyrst í hug

Pátttakendur voru beðnir um að nefna þá vefsíðu sem þeim datt fyrst í hug þegar þeir hugsuðu um peningaspil á Netinu. Markmiðið með því var að meta hvaða vefsíður væru best þekktar meðal landsmanna. Alls nefndu tæplega 54,4% (n=1471) vefsíðu og í töflu 10 má sjá hvaða síður voru oftast nefndar.


Tafla 10. Algengar vefsíður

Heiti vefsíðna	Fjöldi (n)	Hlutfall (%)
Betsson.com	501	34,0
Lotto.is	431	29,4
Bet365.com	181	12,3
Lengjan.is/Getraunir.is/1x2.is	72	4,9
Pokerstars.com	55	3,7
Poker.com	21	1,4
Betzone.com	18	1,2
Annað	192	13,1
Alls	1471	100%

Betsson.com er greinilega sú vefsíða sem flestir þekkja af þeim sem nefndu vefsíðu en lotto.is er greinilega einnig mörgum ofarlega í huga. Umtalsverður fjöldi annarra síðna var einnig nefndur sem ekki er sýndur í töflu. Dæmi um aðrar síður er Bet.com, casino.com, facebook.com, Betfair.com, jackpot.com, skypoker.com, williamhill.com og zyenga.com.

4.5 Mat á hagnaði eða tapi í peningaspilum.

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á hvort þeir hefðu hagnast eða tapað á þátttöku sinni í peningaspilum undanfarna 12 mánuði fyrir könnun. Einnig voru þeir beðnir um að áætla hagnað eða tap á sama tíma. Á mynd 2 kemur fram mat þeirra á því hvort þeir hafi tapað eða hagnast undanfarna 12 mánuði.



Mynd 2. Mat þátttakenda á því hvort þeir hafi hagnast eða tapað fé í peningaspilum

Flestir þátttakendur telja sig annað hvort vera á sléttu (hvorki tapað né unnið) eða tapað lítillega. Fáir hafa tapað eða hagnast mikið.

Þátttakendur voru einnig beðnir um að leggja mat á hversu háum upphæðum þeir hefðu hagnast eða tapað undanfarna 12 mánuði. Dreifing breyta um hagnað og tap voru jákvætt skekktar þar sem fáir höfðu annað hvort hagnast eða tapað stórum upphæðum. Meðaltal, staðalfrávik og miðgildi voru því reiknuð fyrir hagnað og tap þátttakenda.

4.5.1 Hagnaður í peningaspilum undanfarna 12 mánuði


Alls töldu 11,6% þátttakanda sig hafa hagnast á þátttöku í peningaspilum. Meðalhagnaður þátttakenda var 60.465 krónur (sf = 199.566 kr.). Breytan hagnaður var mjög jákvætt skekkt og frekari athugun sýndi að einn þátttakandi sagðist hafa hagnast um 1.300.000 á síðastliðnu ári. Því ber að líta frekar til miðgildis hagnaðar og var það 7.524 kr. undanfarna 12 mánuði.

4.5.2 Tap í peningaspilum undanfarna 12 mánuði

Helmingur þátttakanda sögðust hafa tapað á þátttöku sinni í peningaspilum. Meðaltap þeirra var 11.707 kr (sf = 17.981 kr). Breytan tap var jákvætt skekkt og til að mynda höfðu sex þátttakendur tapað meiru en 100.000 og þar af einn sem hafði tapað 200.000 á síðastliðnu ári. Því ber að líta frekar til miðgildis fyrir tap og var það 5.000 kr.

4.6 Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum

Í faraldsfræðilegum rannsóknum er mikilvægt að kanna af hverju fólk spilar í peningaspilum. Í þessari rannsókn voru þátttakendur sem höfðu spilað peningaspil á undanförunum 12 mánuðum beðnir um að taka afstöðu til 10 mismunandi ástæðna fyrir þátttöku sinni í peningaspilum. Fyrir hverja spurningu svöruðu þátttakendur á fimm punkta stiku hversu lítilvægar eða mikilvægar þeir töldu ástæður vera fyrir þátttöku sinni. Meðaltöl má sjá á mynd 3.



Mynd 3. Ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum

Almennt séð virðast þátttakendur helst spila peningaspil til að styrkja gott málefni en einnig spilar fólk ánægjunnar vegna eða til að græða peninga. Í framhaldinu var kannað hvort ástæður fyrir þátttöku í peningaspilum væri ólík milli karla og kvenna.

Reiknuð voru 10 óháð t-próf og til að leiðrétta fyrir fjölda samanburða voru marktektarmörk leiðrétt með Bonferoni leiðréttingu eða $0,05/10 = 0,005$. Í ljós kom að engin munur var á milli kynja fyrir ástæður eins og ég spila peningaspil til að græða peninga, til að dreifa huganum, til að draga úr depurð eða vegna þess að það er góð leið til að hitta fólk ($p > 0,05$). Karlar voru hinsvegar marktækt líklegri en konur til að spila peningaspil spennunnar vegna, ánægjunnar vegna, til að drepa tímann, vegna þess að það er ódýr afþreying eða til að nýta þá spilahæfileika sem þeir kunna að hafa ($p \leq 0.005$). Hinsvegar var mjög athyglisvert að konur voru líklegri en karlar til að spila peningaspil til að styðja góð málefni ($p \leq 0.001$).

5. Spilafíkn

5.1 Algengi spilafíknar árið 2017

Þeir sem höfðu spilað í a.m.k. einu peningaspili á síðustu 12 mánuðum svöruðu níu atriða matskvarða er nefnist Problem Gambling Severity Index (PGSI) er metur alvarleika spilavanda. Í töflu 11 má sjá niðurstöður á mati á algengi spilafíknar meðal þjóðarinnar. Um 5,7% telst vera í dálítilli áhættu með að þróa með sér spilavanda (e. low risk gambling), 2,1% í töluverðri áhættu (e. moderate risk gambling) og 0,3% (0,1-0,6) uppfyllir greiningarskilmerki PGSI fyrir líklega spilafíkn (e. probable pathological gambling).

Tafla 11. Greining spilafíknar fyrir allt úrtakið samkvæmt PGSI

Skor	Greiningarhópur	%	n	Öryggisbil (95%)	
				Lægri mörk	Efri mörk
-	Spila engin peningaspil	22,9	627	21,3	24,5
0	Spila án vandkvæða	69,1	1.871	67,3	70,1
1 - 2	Lítill hætta á vanda vegna peningaspila	5,7	129	4,9	6,7
3 - 7	Nokkur hætta á vanda vegna peningaspila	2,1	47	1,5	2,7
8+	Líkleg spilafíkn	0,3	5	0,1	0,6

Algengt er í rannsóknum af þessu toga að hópunum „nokkur hætta á vanda“ og „líkleg spilafíkn“ sé slegið saman í einn hóp um spilavanda. Spilavandi tekur þá til þess hóps sem á í verulegum vandkvæðum vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Algengi spilavanda reyndist vera 2,3% (öryggisbil: 1,8 – 3,0).

Séu þessar tölur heimfærðar yfir á alla Íslendinga á aldrinum 18 – 70 ára í landinu (N = 229.315) má áætla að um 688 (öryggisbil 229 – 1.376) manns á aldrinum 18 – 70 ára eigi við líklega spilafíkn að stríða. Ef reiknað er fyrir spilavanda (2,3%) má gera ráð fyrir að u.þ.b. 5.733 (öryggisbil: 4.127 – 6.879) einstaklingar eigi við verulegan vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningspilum.

Algengt er í rannsóknum af þessu tagi að kanna einnig algengi greiningarhópa spilavanda eingöngu á meðal þeirra sem spila peningaspil. Niðurstöður sýna að 0,3% af þeim sem spila peningaspil uppfylla greiningarskilyrði PGSI um líklega spilafíkn og 2,7% til viðbótar eiga í verulegum vanda vegna þátttöku sinnar (sjá töflu 12).

Tafla 12. Greining á spilafíkn meðal þeirra sem spiluðu peningaspil undanfarna 12 mánuði, samkvæmt PGSI

Skor	Greiningarhópur	%	n	Öryggisbil (95%)	
				Lægri mörk	Efri mörk
0	Spila án vandkvæða	89.6	1.871	88,0	91.0
1 - 2	Lítill hætta á vanda vegna peningaspila	7,4	129	6,3	8,6
3 - 7	Nokkur hætta á vanda vegna peningaspila	2.7	47	2,0	3,5
8+	Líkleg spilafíkn	0,3	5	0,2	0,7

Í framhaldi voru tengsl PGSI og baksviðsbreyta könnuð. Eins og sjá má í töflu 13 voru skýr tengsl milli greiningarhópa PGSI og baksviðsbreyta. Karlar voru mun líklegri en konur að eiga við spilavanda að stríða og einnig reyndist yngsti aldurshópurinn líklegri til að eiga við spilavanda að stríða en þeir sem eldri eru. Spilavandi var einnig algengari meðal þeirra sem hafa grunnskólamenntun miðað við þá sem hafa framhalds- eða háskólamenntun og reyndist algengari hjá lágsta tekjuhópnum miðað við aðra tekjuhópa. Eftirtektarvert var þó að algengi spilavanda var langminnst hjá þeim sem voru með fjölskyldutekjur frá rúmlega milljón til tæplega 1.400.000 kr. Marktæk tengsl fundust einnig fyrir búsetu og líklegast má skýra það með því að þeir sem búa á landsbyggðinni spila frekar peningaspil en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og þeir voru einnig aðeins fleiri í hópnum sem teljast eiga við svolítinn vanda að stríða (Lítill hætta á vanda vegna peningaspila) vegna þátttöku sinnar í peningaspilum.

Tafla 13. Algengi spilavanda eftir baksviðsbreytum

	Spila ekki	Án vandkvæða	Lítill hættu	Spilavandi	Kíkvæðrat
	%	%	%	%	
Kyn					53,4***
Karlar	20,9	67,3	8,2	3,5	
Konur	24,8	71,0	3,0	1,1	
Menntun					53,06***
Grunnskóli	20,7	66,9	9,0	3,5	
Framhaldsskóli	21,0	71,2	5,4	2,4	
Háskóli	27,8	68,5	2,5	1,1	
Aldursflokkar					183,12***
18 – 25 ára	32,8	48,7	13,4	5,2	
26 – 40 ára	22,6	68,4	6,1	2,9	
41 – 55 ára	17,6	78,1	3,2	1,1	
56 – 70 ára	21,6	75,3	2,3	0,8	
Hjúskaparstaða					97,34^a
Einhleyp/ur	28,7	57,0	9,7	4,6	
Hjónaband/sambúð	21,0	73,4	4,3	1,3	
Fráskilin(n)	16,7	78,3	1,7	3,3	
Ekill/ ekkja	16,0	84,0	0,0	0,0	
Fjölskyldutekjur					61,75***
Undir 450 þ.	28,4	57,6	9,9	4,1	
450-719 þ.	17,6	73,9	5,7	2,8	
720-1.019 þ.	20,5	72,9	4,7	1,9	
1.020-1.394 þ.	18,1	78,9	2,5	0,4	
1.395 þ og meira	21,2	70,8	5,8	2,2	
Búseta					15,21**
Höfuðborgarsvæði	25,1	67,4	5,1	2,4	
Landsbyggðin	18,9	72,1	6,8	2,2	

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$; ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

5.2 Tengsl spilavanda og þátttöku í peningaspilum

Tafla 14 sýnir þátttöku í peningaspilum eftir greiningarhópum spilavanda. Þegar þátttaka í öllum peningaspilum er skoðuð má sjá að hærra hlutfall þeirra sem eiga við spilavanda að stríða spila einu sinni í viku eða oftar. Þegar þátttaka a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum er skoðuð fyrir mismunandi tegundir peningaspila má sjá að þeir sem eiga í spilavanda spila í meira mæli flest peningaspil en þeir sem spila vandkvæðalaust. Munurinn er mestur fyrir spilakassa og veðja á atburði íþróttaleikja á erlendum vefsíðum. Einnig er töluverður munur milli hópa fyrir póker (með spilum) og veðja á úrslit íþróttaleikja á erlendum vefsíðum. Athyglisvert er að þeir sem spila vandkvæðalaust spila marktækt meira í flokkahappdrætti en þeir sem eiga við spilavanda að stríða.

Einnig var kannað hvort munur væri á fjölda peningaspila sem þátttakendur spiluðu undanfarna 12 mánuði eftir greiningarhópum spilavanda. Þeir sem spiluðu án vandkvæða spiluðu að meðaltali 2,0 (sf = 1,13) peningspil, þeir sem voru í litlum vanda að meðaltali 3,4 (sf = 1,96) peningaspil og þeir sem áttu við spilavanda að stríða spiluðu að meðaltali í 5,1 (sf = 2,73) peningaspilum ($F(2, 2065)=250,381, p \leq 0.001$). Munur á milli hópa var kannaður með Tamhane eftir á prófi og reyndist hann marktækur á milli allra hópa.

Tafla 14. Þátttaka í peningaspilum eftir greiningarhópum spilavanda

	Spilar vandkvæðalaust n = 1.871	Lítill áhætta vegna þátttöku n = 129	Spilavandi n = 52	Allir n = 2.052
Heildarþátttaka í peningaspilum***				
Sjaldnar en mánaðarlega	35,5	43,8	11,3	35,4
A.m.k. mánaðarlega	41,9	34,6	33,9	41,1
Vikulega eða oft	22,7	21,6	54,8	23,5
Eftir tegundum peningaspila				
Lottó á sölustöðum***	59,3	43,1	56,5	58,0
Lottó á Netinu	16,6	19,0	12,7	16,7
Lottó í áskrift á Netinu*	17,5	9,8	16,1	16,9
Flokkahappdrætti***	47,0	29,2	25,4	45,0
Skafmiðar***	28,1	47,1	55,6	30,3
Skafmiðar á Netinu ^a	0,1	0,0	6,3	0,2
Spilakassar***	7,0	41,2	67,7	11,4
Spilakassar á Netinu ^a	0,4	7,2	22,6	1,6
Póker (með spilum)***	6,8	32,7	38,7	9,7
Netpóker ^a	0,9	9,8	20,6	2,2
Mótapóker ^a	0,1	4,6	11,3	0,8
Bridge,vist (önnur borðspil) ^a	0,5	4,6	9,7	1,1
Getraunir (1x2)***	4,5	10,5	21,0	5,5
Getraunir (1x2) á Netinu***	4,0	6,5	14,5	4,5
Lengjan ^a	2,3	7,2	11,1	2,9
Lengjan á Netinu***	2,6	7,8	16,1	3,4
Lengjan í beinni ^a	0,6	2,6	6,5	1,0
Veðjað á úrslit íþróttaleikja á erlendum vefsíðum***	2,6	24,7	39,7	5,4
Veðjað á atburði íþróttaleikja á erlendum vefsíðum***	1,6	18,3	38,7	4,0
Bingó***	17,3	27,5	39,7	18,8
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt ^a	1,0	8,5	7,9	1,8
Leynileg spilavíti ^a	0,5	3,9	11,3	1,1
Önnur peningaspil á Netinu ^a	0,4	7,2	16,1	1,4

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$. ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

5.3 Prepaskipt fjölbreytu lógistísk aðhvarfsgreining

Framangreindar einbreytugreiningar benda til að flestar baksviðsbreytur og reglubundin þátttaka í sumum tegundum peningaspila séu allt hugsanlegir áhættuþættir fyrir spilavanda meðal fullorðinna. Það er hins vegar áhugavert að kanna tengsl þessara breytna við spilavanda eftir að búið er að stilla af sameiginlega dreifingu breyta. Til dæmis er hugsanlegt að aldur þátttakenda skýri tengsl spilavanda við menntun þar sem yngstu þátttakendurnir eru líklegastir til að hafa minni menntun en þeir sem eldri eru. Einnig er hugsanlegt að óskýrð samdreifni milli mismunandi tegunda peningaspila hafi áhrif á tengsl þessara breytna við spilavanda, þar sem þeir sem eiga við spilavanda að glíma spila í fleiri tegundum peningaspila en þeir sem spila vandkvæðalaust.

Til að kanna þetta nánar var gerð prepaskipt fjölbreytu lógistísk aðhvarfsgreining (hierarchical loglinear multiple regression) á spilavanda (0 = ekki spilavandi: 1 = spilavandi). Þeir sem spiluðu engin peningaspil voru ekki hafðir með í útreikningum. Til að stilla af áhrif baksviðsbreytna voru á þrepi 1 settar inn breytur kyn, menntun og aldur. Eftir að búið er að stilla af áhrif baksviðsbreytna var þátttaka í mismunandi tegundum peningaspila (0=spila ekki tiltekið peningaspil, 1=spila tiltekið peningaspil) sett inn á þrepi 2. Þar sem þátttaka í sumum tegundum peningaspila á Netinu var lítil voru notaðar samsettar breytur fyrir peningaspil á Netinu. Annars vegar breytan „peningaspil á innlendum vefsíðum“ (Lottó á netinu; Áskrift í Lottó; Getraunir (1x2) á Netinu, Lengjan á Netinu, Lengjan í beinni) og hinsvegar „peningaspil á erlendum vefsíðum“ (skafmiðar, spilakassar, netpóker, veðmál um úrslit íþróttakappleikja, veðmál á atburði íþróttakappleikja og önnur peningaspil á Netinu, t.d. rúlletta, 21 o.s.frv.). Megin niðurstöður aðhvarfsgreiningar eru sýndar í töflu 15.

Tafla 15. Tengsl baksviðsbreytna og þátttöku í peningaspilum við spilavanda (þrepaskipt logistic aðhvarfsgreining)

	B	Wald próf	Áhættuhlutfall (odds ratio)	Öryggisbil áhættuhlutfalla (odds ratio)
Þrep 1				
Kyn	0,946	9,627**	2,574	1,147-4,679
Aldur	-0,681	23,948**	0,506	0,385-0,665
Menntun	-0,330	3,122	0,719	0,498-1,037
Þrep 2				
Spilakassar	2,484	42,560**	11,990	5,685-25,288
Bingó	0,948	8,690**	2,580	1,374-4,843
Peningaspil á erlendum vefsíðum	1,750	25,034**	5,756	2,900-11,425

Líkan fyrir skref 1 ($\chi^2 = 50,251$, $p \leq 0.001$): Líkan fyrir skref 2 ($\chi^2 = 185,745$, $p \leq 0.001$).

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$.

n = 2.019.

Athyglisvert er að þegar stillt er fyrir kyn og aldur er menntun ekki lengur með marktæk tengsl við spilavanda. Hins vegar reyndust bæði kyn og aldur hafa marktæk tengsl við spilavanda. Niðurstöður sýna að áhættan (e.odds) fyrir greiningu spilavanda vera rúmlega tvisvar sinnum meiri fyrir karla en konur. Einnig benda niðurstöður um aldur til þess að það dragi úr áhættu fyrir greiningu spilavanda eftir því sem fólk er eldra (sjá þrep 1 í töflu 15). Athyglisvert var að eftir að búið var að stilla af áhrif baksviðsbreytna og samdreifni milli allra peningaspila reyndust aðeins tengsl þátttöku í spilakössum, Bingó og peningaspila á erlendum vefsíðum marktæk fyrir spilavanda (sjá þrep 2 í töflu 15). Þeir sem spila í spilakössum, Bingó eða peningaspil á erlendum vefsíðum eru líklegri til að greinast með spilavanda en þeir sem ekki spila þessar tegundir peningaspila.

Þar sem það voru skýr tengsl spilavanda og þátttöku í peningaspilum á erlendum vefsíðum var talið rétt að skoða það nánar, til að kanna hvort það sé munur á tengslum mismunandi tegunda peningaspila á erlendum vefsíðum við spilavanda. Til að kanna þetta nánar var því gerð önnur þrepaskipt fjölbreytu lógistísk aðhvarfsgreining (hierarchical loglinear multiple regression) á spilavanda (0 = ekki

spilavandi: 1 = spilavandi) þar sem aftur var stillt fyrst fyrir áhrif baksviðsbreytna á þrepi 1 (niðurstöður ekki sýndar, sjá þrep 1 í töflu 15) og síðan var þátttaka í mismunandi tegundum peningaspila á erlendum vefsíðum (0=spila ekki tiltekið peningaspil, 1=spila tiltekið peningaspil) sett inn á þrepi 2. Þetta voru peningaspilin net-spilakassar, netpóker, net-veðmál um úrslit íþróttakappleikja, net-veðmál á atburði íþróttakappleikja og önnur net peningaspil, t.d. rúlletta, 21 o.s.frv.). Þar sem aðeins 5 manns höfðu spilað netskafmiða var ekki unnt að hafa þá með í tölfræðilegri greiningu. Megin niðurstöður aðhvarfsgreiningar fyrir netpeningaspil eru sýndar í töflu 16.

Tafla 16. Tengsl þátttöku í netpeningaspilum á erlendum vefsíðum við spilavanda (Þrepaskipt logistic aðhvarfsgreining)


	B	Wald próf	Áhættuhlutfall (odds ratio)	Öryggisbil áhættuhlutfalla (odds ratio)
Þrep 2				
Netspilakassar	2,370	16,886**	10,700	3,455-33,140
Netpóker	0,705	1,489	2,025	0,652-6,286
Netveðmál á úrslit íþróttaleikja	-0,918	0,919	0,399	0,061-2,611
Netveðmál á atburði íþróttaleikja	2,749	9,476**	15,625	2,715-89,936
Önnur Netpeningaspil, t.d. 21, rúlletta, keno	0,153	0,049	1,165	0,302-4,499

Líkan fyrir skref 2 ($\chi^2 = 111,312, p \leq 0.001$). * $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$. n = 2.019.

Niðurstöður eru athyglisverðar þar sem þær benda til að það séu fyrst og fremst tvær tegundir net-peningaspila sem tengjast spilavanda hjá íslenskum almenningi, net-spilakassar og netveðmál á atburði íþróttaleikja. Einnig vekur það athygli að þátttaka í netpóker tengist ekki spilavanda en fyrri rannsóknir hér á landi hafa bent til að spilun pókers, hvort sem er með spilum eða á Netinu tengist spilavanda (Ólason, 2012; Ólason et al., 2015).

5.4 Tengsl spilavanda við eyðslu í peningaspil undanfarna 12 mánuði

Kannað var hvort munur væri á eyðslu í peningaspil eftir spilavandahópum. Fyrst voru reiknuð tengsl spilavanda við heildarmat á því hvort þátttakendur teldu sig hafa tapað eða hagnast á þátttöku sinni í peningspilum undanfarna 12 mánuði. Síðan var kannað hvort munur væri á milli spilavandahópa á upphæðum (miðgildum) sem fólk hafði annað hvort hagnast eða tapað í peningaspilum. Að síðustu voru reiknuð tengsl á milli meðaleyðslu í hvert peningaspil og spilavanda. Mynd 4 sýnir hlutfall þeirra sem hafa hagnast eða tapað í peningaspilum undanfarna 12 mánuði eftir spilavandahópum.



Mynd 4. Hlutfall spilavandahópa fyrir hagnað eða tap í peningaspilum

Tengsl spilavanda og heildarmats á hagnaði eða tapi var marktækt ($\chi^2(4, N=2034)=62.65, p \leq 0,001$). Rétt tæplega 10% þeirra sem spila vandkvæðalaust telja sig hafa hagnast á spilamennsku sinni og rúmlega helmingur telur sig tapa á þátttöku sinn í peningaspilum. Athyglisvert er að um þriðjungur þeirra sem eiga við spilavanda að stríða telja sig hagnast á spilamennsku sinni og innan við helmingur telur sig tapa á þátttöku sinni í peningaspilum

Í framhaldi var þá athugað hvort munur væri á þeim upphæðum sem spilavandahópar höfðu hagnast eða tapað undanfarna 12 mánuði (sjá töflu 17). Einungis eru birt miðgildi fyrir upphæðir þar sem mikið brottfall var í svörum¹ og dreifing beggja breyta (hagnaður/tap) var mjög skekkt og jaðargildi mjög há. Ekki er lagt mat á hvort munur sé marktækur eða ekki.

Tafla 17. Upphæðir sem fólk segist hafa tapað eða unnið í peningaspilum eftir spilavandahópum

Greiningarhópur	Hagnast í peningaspilum	Tapað í peningaspilum
	Miðgildi	Miðgildi
Spila án vandkvæða	5.000	5.000
Lítill hætta á vanda vegna peningaspila	10.000	7.000
Spilavandi	66.450	28.449

Þeir sem eiga við spilavanda að stríða telja frekar að þeir hafi hagnast og tapað umtalsvert hærri fjárhæðum en þeir sem eiga við lítinn vanda að stríða eða spila vandkvæðalaust.

Að síðustu var reiknuð meðaleyðsla fyrir mismunandi tegundir peningaspila eftir spilavandahópum². Fyrir margar tegundir spila voru of fáir með spilavanda til að hægt væri að reikna meðaltöl spilavandahópa. Tafla 18 sýnir meðaleyðslu í þau peningaspil sem hægt var að reikna fyrir eftir spilavandahópum. Þeir sem eiga í vanda vegna

¹ Alls sögðust 1.261 þátttakandi hafa annaðhvort tapað eða unnið fé á þátttöku sinni í peningaspilum. Af þeim gátu aðeins 622 nefnt upphæð eða 49%.

² Spurt var um hversu miklum peningum þátttakendur eyddu í hvert sinn sem þeir spiluðu tiltekið peningaspil, nema fyrir flokkahappdrætti en þar var spurt um mánaðalega eyðslu.

þátttöku sinnar í peningaspilum eyddu marktækt meiru fé í spilakassa og póker en þeir sem spila án vandkvæða.

Tafla 18. Meðaleyðsla í peningaspilum eftir greiningarhópum spilavanda

Tegund peningaspila	Spilar	Lítill áhætta	Spilavandi
	vandkvæðalaust	vegna þátttöku	
	M (SF)	M (SF)	M (SF)
Lottó á sölustöðum	1.344 kr. (2.521)	1.073 kr. (513)	1.371 kr. (1.514)
Flokkahappdrætti	2.879 kr. (4.406)	2.568 kr. (1.893)	3.706 kr. (2.299)
Skafmiðar	403 kr. (605)	276 kr (308)	439 kr. (493)
Spilakassar**	704 kr. (598)	1.191 kr. (1.735)	2.085 kr. (3.217)
Póker (með spilum)***	2.676 kr. (2.386)	5.319 kr. (6.062)	7.887 kr. (5.265)
Netpóker	1.324 kr. (888)	2.768 kr. (3.548)	2.298 kr. (1.399)
Getraunir (1x2)	1.178 kr. (817)	1.137 kr. (839)	1.287 kr. (827)
Lengjan á netinu	1.002 kr. (1.147)	1.520 kr. (1.806)	1.107 kr. (920)
Bingó	1.451 kr. (1.161)	2.207 kr. (2.299)	1.518 kr. (1.398)
Veðjað á úrslit íþróttaleikja á erlendum vefsíðum	2.529 kr. (2.002)	4.305 kr. (4.521)	2.861 kr. (2.425)
Veðjað á atburði íþróttaleikja á erlendum vefsíðum	1.953 kr. (1.595)	3.244 kr. (3.993)	3.551 kr. (2.655)

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$.

5.5 Neikvæðar afleiðingar peningaspilunar (e. Gambling related harms).

Á undanförunum árum hafa fræðimenn skoðað með ítarlegri hætti en áður, hugsanlegar neikvæðar afleiðingar af þátttöku í peningaspilum á ýmsa þætti í lífi fólks. Hugmyndin að baki þessum rannsóknum er að kanna hvort hægt sé að áætla hvar mörkin liggja á milli skaðlausrar og skaðlegrar þátttöku í peningaspilum (Currie o.fl., 2006).

Rannsakendur í Viktoríu fylki í Ástralíu hafa nýverið lagt til nothæfa skilgreiningu og aðgerðarbindingu (73 atriða gátlisti) á neikvæðum afleiðingum peningaspilunar þar sem sýnt var fram á að skaðlegar afleiðingar peningaspilunar ná yfir allt að sjö svið daglegs lífs eins og t.d. fjárhag, líkamlega heilsu, geðrænnar heilsu, sambönd við annað fólk, atvinnu, þátttöku í samfélagslegum viðburðum og lögbrot (Browne, o.fl., 2016). Ákveðið var að taka fyrsta skrefið til að meta skaðlegar afleiðingar peningaspilunar í þessari rannsókn, en ekki reyndist unnt að nota öll atriði 73 atriða gátlista Browne o.fl. (2016). Þess í stað voru valin þau 7 atriði sem best greindu á milli þeirra sem spiluðu án vandkvæða og áttu við spilavanda að stríða í rannsókn Browne o.fl. (2016) og kanna hvort þessi atriði greini á milli sömu hópa í þessari rannsókn.

Skoðun á svörum við spurningum um neikvæðar afleiðingar peningaspilunar sýndi að tiltölulega fáir töldu sig hafa orðið fyrir skaða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Af þeim ástæðum reyndist ekki unnt að greina gögnin eftir mismunandi alvarleika spilavanda og því voru niðurstöður aðeins reiknaðar fyrir þá sem spila vandkvæðalaust og þeirra sem eiga við spilavanda að stríða. Niðurstöður í töflu 19 sýna að þeir sem áttu í vanda vegna peningaspila voru líklegri en þeir sem spila vandkvæðalaust til að hafa orðið fyrir skaða eða tjóni vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Þar má sjá t.d. að um átta prósent þeirra hafa þurft að skera niður í nauðsynlegum útgjöldum eða hafa sofið minna vegna þátttöku sinnar í peningaspilum. Einnig greina rúmlega 11% þeirra sem eiga við spilavanda að stríða frá því að þeir hafi þurft að fresta greiðslum á skuldum eða reikningum tengt heimilsrekstri eða komið of seint til vinnu eða skóla vegna þátttöku sinnar í peningaspilum.

Tafla 19. Tengsl spilavanda við spurningar um neikvæðar afleiðingar peningaspilunar

Hefur þú á síðustu 12 mánuðum...	Spilar vandkvæðalaust	Spilavandi
1. þurft að skera niður í nauðsynlegum útgjöldum til matarkaupa, lyfjakaupa eða heilsuræktar vegna þátttöku þinnar í peningaspilum?	0,1%	8,1% ***
2. þurft að fresta greiðslum á afborgunum á skuldum eða reikningum sem tengjast heimilisrekstri, t.d. íbúðarláni v. þátttöku þinnar í peningaspilum?	0,1%	11,3% ***
3. þurft að leita oftast til heilsugæslu vegna heilsufarsvanda sem hefur versnað vegna þátttöku þinnar í peningaspilum?	0,1%	0,0% ^a
4. sofið minna vegna streitu og áhyggja af þátttöku þinnar í peningaspilum?	0,1%	7,9% ***
5. komið of seint til vinnu eða skóla vegna þátttöku þinnar í peningaspilum?	0,3%	11,3% ***
6. ekki mætt í vinnu eða í skóla vegna þátttöku þinnar í peningaspilum?	0,1%	0,0% ^a
7. sýnt lakari frammistöðu í vinnu eða námi vegna þreytu eða einbeitingarleysis sem rekja má til þátttöku þinnar í peningaspilum	0,4%	4,8% **

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$. ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

5.6 Sálræn líðan og áfengisvandi

5.6.1. Depurð, kvíði, streita og áfengisvandi

Könnum voru tengsl spilavanda við depurð, kvíða og streitu. Einkenni um depurð og kvíða voru metinn metin með eftirfarandi spurningum: Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum fundið fyrir mikilli depurð eða þunglyndi í a.m.k. tvær vikur samfleytt? og hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum fundið fyrir miklum kvíða í a.m.k. tvær vikur samfleytt? Upplifuð streita þátttakanda var metinn með fjögurra atriða útgáfu Perceived Stress Scale (Cohen, Karmarck og Mermelstein, 1983- sjá nánar í aðferðakafla skýrslu). Að síðustu voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu neytt áfengis á síðustu 12 mánuðum og þeir sem játtu því fengu fjórar spurningar CAGE spurningarlistans sem metur áfengisvanda (Ewing, 1984).

Niðurstöður sýndu að 16,5% þjóðarinnar hafði upplifað depurð eða þunglyndi og 14,2% greindi frá miklum kvíða á síðustu 12 mánuðum fyrir könnun. Kannaður var

hvort munur væri í líðan karla og kvenna og kom í ljós að konur (17,3%) voru mun líklegri en karlar (11,2%) til að upplifa depurð eða þunglyndi ($\chi^2(1, N=2654)=20.271, p\leq 0,001$) og konur (21,3%) voru einnig líklegri að greina frekar frá kvíða en karlar (11,9%) ($\chi^2(1, N=2652)=42.52, p\leq 0,001$). Einnig var kannaður kynjamunur í streitu og í ljós kom að konur ($M = 7,05; SF = 2.74$) skoruðu hærra en karlar ($M = 6,72; SF=2,50$) ($t(2529) = 3,11, p\leq 0,01$).

Niðurstöður fyrir áfengisneyslu sýndu að tæplega 74% þjóðarinnar hafði neytt áfengis á síðustu 12 mánuðum. Aðeins þeir sem neyttu áfengis voru spurðir um hugsanlegan vanda vegna áfengisneyslu og alls reyndust 8,6% (6,3% heildarúrtaks) eiga við hugsanlegan áfengisvanda að stríða. Kannað var hvort hlutfall áfengisvanda væri mismunandi eftir kyni. Í ljós kom að áfengisvandi var algengari hjá körlum (10,3%) en konum (6,5%) ($\chi^2(1, N=1953)=8,96, p\leq 0,01$)

Þar sem kynjamunur var mjög skýr fyrir líðan og áfengisvanda og áður hefur verið greint frá skýrum kynjamun í spilavanda (bls 54) voru tengsl spilavanda við líðan og áfengisvanda könnuð fyrir úrtakið í heild og einnig eftir kyni. Niðurstöður sýna að engin marktækur munur reyndist vera á spilavandahópum fyrir depurð og kvíða, en karlar sem eiga við spilavanda að stríða skora hærra á streitu en þeir sem spila vandkvæðalaust (sjá töflu 20). Þessi munur fannst ekki fyrir konur. Athyglisvert að svipaðar niðurstöður komu fram fyrir áfengisvanda þar sem þeir sem eiga við spilavanda að stríða voru margfalt líklegri til að stríða við áfengisvanda en þeir sem spila peningaspil vandkvæðalaust. Þessar niðurstöður gilda þó aðeins fyrir karla þar sem engin munur var á hópunum meðal kvenna.

Tafla 20. Tengsl spilavanda við depurð, kvíða, streitu og áfengisvanda

	Spilar vandkvæðalaust	Spilavandi
--	--------------------------	------------

Depurð¹		
Allir	14,10%	19,4%
karlar	11,0%	18,8%
konur	17,3%	21,4%
Kvíði¹		
Allir	16,4%	19,7%
karlar	11,6%	19,1% ^a
konur	21,4%	21,4%
Streita² (PSS)		
Allir	6,86	7,74*
karlar	6,68	7,78*
konur	7,05	7,61
Áfengisvandi (CAGE)³		
Allir	8,2%	24,1%***
karlar	9,5%	28,9%***
konur	6,6%	0,0%

¹ Hlutfall þeirra sem svöruð já við depurð og kvíða spurningum. ² Meðaltöl á streiðukvarða. ³ Hlutfall þeirra sem skoruðu 2 stig eða fleiri á CAGE áfengisvandalista. * $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$.

5.6.2. Spilun peningaspila undir álagi eða undir áhrifum vímuefna

Kannað var hversu margir hefðu spilað peningaspil þegar þeir voru undir álagi eða þegar þeir voru drukkinn eða undir áhrifum annarra vímuefna. Í ljós kom að 1,4% hafði spilað peningaspil þegar mikið gekk á í lífi þeirra og 10,0% spilað drukkinn eða undir áhrifum annarra vímuefna. Þeir sem eiga við spilavanda að stríða voru líklegri til að spila undir álagi (14,3%) en þeir sem spila vandkvæðalaust (1,0%) ($\chi^2(1, N=2057)=77,5, p \leq 0,001$) og sömu niðurstöður fengust fyrir að spila undir áhrifum vímuefna (spilavandi = 56,5%; vandkvæðalaust = 8,5%) ($\chi^2(1, N=2056)=154,8, p \leq 0,001$). Einnig voru könnuð tengsl áfengisvanda og þess að spila peningaspil undir áhrifum vímuefna og í ljós kom að þeir sem eiga við áfengisvanda að stríða voru mun líklegri til að spila undir áhrifum (28,9%) en þeir sem ekki eiga við áfengisvanda að stríða (11,2%) ($\chi^2(1, N=1532)=35,8, p \leq 0,001$).


6. Samanburður á niðurstöðum kannana árin 2007, 2011 og 2017

Árið 2007 var gerður samanburður á niðurstöðum rannsókna sem gerðar voru árin 2005 og 2007 (Daníel Þór Ólason, 2008) og árið 2011 voru niðurstöður áráanna 2005, 2007 og 2011 borin saman (Daníel Þór Ólason, 2012). Þar sem lítil munur var á spilahegðun og spilavanda milli áráanna 2005 og 2007 var ákveðið í ljósi skýrleika í framsetningu niðurstaðna að fella út árið 2005 í samanburði yfir tíma í þessari skýrslu. Meginniðurstöður þessarar rannsóknar voru því bornar saman við niðurstöður sambærilegra rannsókna sem gerðar voru árin 2007 og 2011 og nær því samanburður niðurstaðna yfir 10 ára tímabil. Rétt er að geta þess að bæði árin 2007 og 2011 var notað sama mælitæki til að meta algengi spilafíknar (PGSI) og gert er í þessari rannsókn sem býður upp á nákvæman samanburð í algengi spilavanda milli ára.

6.1 Heildarþátttaka í peningaspilum árin 2007, 2011 og 2017

Borin var saman heildarþátttaka í peningaspilum landsmanna undanfarna 12 mánuði fyrir árin 2007, 2011 og 2017 (sjá mynd 5). Almennt má sjá í mynd 5 að sú aukning sem við sáum í þátttöku peningaspila árið 2011, í kjölfar efnahagshrunsins, hefur haldið sér. Árið 2011 reyndust fleiri hafa spilað peningaspil a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði en gerðu 2007 og svipaðar niðurstöður fengust fyrir þá sem spiluðu sjaldnar en einu sinni í mánuði og í fjölda þeirra sem spiluðu mánaðarlega (Daníel Þór Ólason, 2012). Í framhaldi var nú kannað hvort mismunur hlutfalla á milli áráanna 2011 og 2017 fyrir hvern spilahóp væri marktækur³. Í ljós kom að engin breyting var á milli árána 2011 og 2017 í fjölda þeirra sem höfðu spilað peningaspil a.m.k. einu sinni undanfarna 12 mánuði ($Z = 0,853, p > 0.05$); í fjölda þeirra sem spiluðu sjaldnar en einu sinni í mánuði ($Z = 1,918, p > 0.05$) né í fjölda þeirra sem spiluðu mánaðarlega ($Z = 0,163, p > 0.05$). Hins vegar reyndust fleiri spila vikulega eða oftar árið 2017 en gerðu árið 2011 ($Z = 3,106, p \leq 0.01$).

³ Samanburður milli áráanna 2005 og 2007 og 2007 og 2011 hefur þegar verið gerður (Daníel Þór Ólason, 2008; 2012).



Mynd 5. Samanburður á þátttöku í peningaspilum árin 2007, 2011 og 2017

Í framhaldi var athugað hvort einhverjar breytingar hefðu orðið á milli ára í spilahegðun karla og kvenna. Niðurstöður má sjá í töflu 21. Þegar tafla er skimuð fyrir breytingar yfir 10 ára tímabil má sjá að þær eru áþekkar fyrir bæði kynin. Frá árinu 2007 hefur fjöldi þeirra sem spila ekki peningaspil fækkað hjá báðum kynjum og vikuleg spilamennska eykst bæði hjá körlum og konum. Munur á milli kynja var hinsvegar marktækur öll árin en það má helst sjá í því að karlar eru mun líklegri til að spila peningaspil vikulega eða oftar en konur öll árin. Munurinn milli karla og kvenna var þó ekki eins afgerandi árið 2011 og hann var árin 2007 og 2017.

Tafla 21. Samanburður á heildarþátttöku í peningaspilum fyrir árin 2007, 2011 og 2017 eftir kyni

	Árið 2007		Árið 2011		Árið 2017	
	Karlar	Konur***	Karlar	Konur*	Karlar	Konur***
Aldrei spilað peningaspil	30,3	35,9	21,8	26,0	20,8	24,7
Spilað sjaldnar en mánaðarlega	28,2	24,5	30,3	29,2	28,4	26,0
A.m.k. mánaðarlega	26,2	28,5	31,0	32,0	29,8	33,6
Vikulega eða oftar	15,3	11,1	16,9	12,7	21,0	15,7

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$.

6.2 Þátttaka í mismunandi tegundum peningaspila árin 2007, 2011 og 2017

Í töflu 22 má sjá samanburð yfir 10 ára tímabil á heildarþátttöku annars vegar og vikulegri þátttöku hins vegar í mismunandi tegundum löglegra peningaspila hér á landi. Reiknaður var samanburður milli þátttöku árin 2011 og 2017 eingöngu þar sem samanburður milli 2007 og 2011 hefur þegar verið birtur (Daníel Þór Ólason, 2012). Athyglisvert er að þó dregið hafi úr heildar þátttöku í Lottó frá árinu 2011 er vikuleg þátttaka þeirra sem spila Lottó hinsvegar meiri árið 2017 en hún var árið 2011.

Þegar önnur peningaspil eru skoðuð má sjá að þátttaka í flokkahappdrætti, Bingó og skafmiðahappdrætti hefur aukist á þessu tímabili, á meðan dregið hefur úr þátttöku í póker og þess að veðja á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt.

Tafla 22. Samanburður á spilahegðun í löglegum peningaspilum árin 2007, 2011 og 2017

Tegund peningaspila	Tíðni Þátttöku					
	A.m.k. einu sinni á síðasta ári			Vikulega eða oftár		
	2007	2011	2017	2007	2011	2017
Lottó	45,7	60,6	56,0**	10,8	12,7	16,3***
Flokkahappdrætti (öll)	27,4	29,5	34,8***	-	-	-
Skafmiðar	18,5	20,7	23,4*	0,2	0,2	0,3 ^a
Spilakassar	11,0	9,5	8,9	0,5	0,7	0,6
Getraunir (1x2)	6,9	7,7	6,7	1,2	1,1	1,0
Lengjan	4,5	4,8	4,2	0,4	0,4	0,4
Lagt undir í spilum	8,5	12,1	8,1***	0,6	0,7	0,2*
Bingó	5,4	10,3	14,6***	0,1	0,1	0,1 ^a
Veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt	2,6	2,6	1,5**	0,4	0,0	0,0 ^a
Leynileg spilavíti	0,4	1,0	0,9	0,0	0,0	0,0 ^a

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$. ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði marktektarprófs

Þar sem töluverð aukning hefur orðið í þátttöku peningaspila á erlendum vefsíðum var ákveðið að skoða breytingar á þátttöku í mismunandi tegundum netspila. Í töflu 23 má því sjá samanburð yfir 10 ára tímabil á heildarþátttöku annars vegar og vikulegri þátttöku hins vegar í mismunandi tegundum peningaspila á erlendum vefsíðum. Eins og áður var aðeins reiknaður samanburður milli þátttöku árin 2011 og 2017 eingöngu. Í töflu má sjá að vikuleg þátttaka er nánast engin í mismunandi tegundum peningaspila en vikuleg heildarspilun á erlendum vefsíðum hefur þó aukist frá árinu 2011. En það sem er athyglisverðast er að á meðan dregið hefur úr þátttöku í Netpóker hefur orðið mikil aukning í veðmálum á úrslit íþróttaleikja á erlendum vefsíðum. Einnig spiluðu fleiri í Netspilakössum árið 2017 en gerðu árið 2011.

Tafla 23. Samanburður á spilahegðun á erlendum vefsíðum fyrir árin 2007, 2011 og 2017

	Tíðni Þátttöku	
	A.m.k. einu sinni á síðasta ári	Vikulega eða oftár


Tegund peningaspila	2007	2011	2017	2007	2011	2017
Netpóker	1,3	2,6	1,8*	0,3	0,6	0,3
Skafmiðar	0,1	0,1	0,2 ^a	0,0	0,0	0,0 ^a
Spilakassar	0,4	0,7	1,3*	0,0	0,0	0,0 ^a
Veðja á úrslit íþróttaleikja	0,4	1,0	4,3***	0,1	0,0	1,0 ^a
Veðja á atburði íþróttaleikja	-	-	3,2	-	-	0,8
Önnur peningaspil á Netinu (t.d. 21, rúlletta, bingó o.s.frv.)	0,4	0,7	1,2	0,0	0,0	0,0 ^a
Heildarspilun á erlendum vefsíðum	1,6	3,3	5,7***	0,4	0,6	1,4**

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$. ^a Fjöldi í reit uppfyllti ekki skilyrði marktektarprófs

6.3 Samanburður á greiningarhópum spilavanda

Kannað var hvort munur væri á greiningarhópum spilavanda yfir tíu ára tímabil. Eins og sjá má á mynd 6 er frekar lítil breyting á milli síðustu tveggja mælinga (2011 og 2017). Samanburður á spilavandahópum fyrir árin 2011 og 2017 sýndi að engar breytingar hafa orðið nema að aðeins færri reyndust eiga við hugsanlega spilafíkn að stríða árið 2017 en gerðu árið 2011 ($Z = 2,36$, $p \leq 0.05$)⁴. Þegar reiknað var fyrir spilavanda (slegið saman fyrir hópana nokkur hætta á vanda vegna peningaspila og líkleg spilafíkn) kom í ljós að munur var ekki marktækur milli árána 2011 (2,5%) og 2017 (2,3%), ($Z = 0,431$, $p \geq 0.05$).

⁴ Samanburður milli árána 2005 og 2007 og 2007 og 2011 hefur þegar verið gerður (Daníel Þór Ólason, 2008; 2012).



Mynd 6. Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2007, 2011 og 2017

Að lokum var kannað hvort munur væri á spilavandahópum eftir kyni milli ára. Í töflu 24 má sjá að breytingar í tíðni spilavanda milli árána 2011 og 2017 er helst að finna meðal karla þar sem töluverðar sveiflur má sjá í algengi í hópnum líkleg spilafíkn en talan fyrir árið 2017 eru aftur mjög svipuð þeirri tölu sem fékkst árið 2007. Hinsvegar, virðist talan fyrir hóp karla sem eru í nokkrum vanda vegna þátttöku sinnar í peningaspilum fara hækkandi með hverri mælingu.

Tafla 24. Samanburður á greiningarhópum spilavanda fyrir árin 2007, 2011 og 2017 eftir kyni

	Árið 2007		Árið 2011		Árið 2017	
	Karlar	Konur***	Karlar	Konur***	Karlar	Konur***
Aldrei spilað peningaspil	30,0	35,8	22,0	26,0	21,0	24,8
Spila án vandkvæða	58,1	60,7	65,5	71,2	67,3	71,0
Lítill hættu á vanda vegna peningaspila	9,4	2,8	8,1	2,1	8,3	3,0
Nokkur hættu á vanda vegna peningaspila	1,9	0,6	2,7	0,7	3,1	1,0
Líkleg spilafíkn	0,5	0,1	1,7	0,0	0,4	0,2

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$.

Athyglisvert er hinsvegar að litlar sem engar breytingar hafa orðið á tíðni líklegrar spilafíknar hjá konum. Mikilvægt er að hafa í huga að eftir sem áður eru karlar mun líklegri en konur til að greinast með spilavanda öll þrjú árin.

7. Samantekt.

7.1 Þátttaka í peningaspilum á Íslandi í samanburði við önnur Norðurlönd

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda í fyrsta lagi til þess að sú aukning sem við sáum í heildarþátttöku peningaspila í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 virðist halda sér þar sem álíka margir spiluðu peningaspil árið 2017 og gerðu árið 2011. Hinsvegar, virðist reglulegum peningaspilurum hafa fjölgað þar sem mun fleiri spiluðu peningaspil einu sinni í viku eða oftar árið 2017 en gerðu árið 2011. Áhugavert er að skoða þessar niðurstöður um heildarspilun í samhengi við breytingar á slíkri spilun á milli kannana á öðrum Norðurlöndum (sjá töflu 25). Þegar niðurstöður síðustu kannana á Norðurlöndum eru skoðaðar (vinstri hluti töflu 25) kemur í ljós að svo virðist sem að fjöldi þeirra sem spila peningaspil í Danmörku og Svíþjóð hafi fækkað á milli kannanna en svo er ekki í Noregi, Finnlandi eða Íslandi. Einnig er athyglisvert að sjá að þátttaka í peningaspilum í nýlegustu könnunum allra Norðurlanda er hvað mest á Íslandi og í Finnlandi (Abbott, Romild og Volberg, 2013; Pallesen, 2017)⁵.

Tafla 25. Þátttaka í peningaspilum og algengi spilavanda á Norðurlöndum

Norðurlönd	Heildarþátttaka í peningaspilum		Spilavandi (PGSI)	
	Fyrri ár	Seinna ár	Fyrri ár	Seinna ár
Danmörk	76% (2005)	63% (2016)	-	1,56% (2016)
Finnland	78% (2011)	80% (2015)	3,1% (2011)	3,2% (2015)
Ísland	76,2% (2011)	77,3% (2017)	2,5% (2011)	2,3% (2017)
Noregur	59,1% (2013)	57,9% (2015)	3,0% (2013)	3,2% (2016)
Svíþjóð	70,4% (2008/09)	57,2% (2015)	2,2% (2008/09)	1,7% (2015)

Tölur í töflu koma frá Ståle Pallesen (2017)

⁵ Rétt er þó að setja fyrirvara á þennan samanburð milli landa þar sem tími á milli kannanna er mjög mismunandi og einnig á hvaða árabili þær voru gerðar.

Þegar hugað er að breytingum í þátttöku mismunandi tegunda peningaspila hér á landi er ljóst að fleiri spila árið 2017 í flokkahappdrætti, skafmiðahappdrætti og Bingó og færri leggi undir í spilum eða kaupa lottómiða en gerðu árið 2011. Breytingin fyrir Lottó er þó ekki einhlýtt þar sem að niðurstöður sýna einnig að þó færri hafi keypt miða undanfarna 12 mánuði fyrir könnun voru fleiri árið 2017 sem keyptu miða í hverri viku en gerðu árið 2011. Athyglisverðustu breytingarnar eru þó að finna fyrir þátttöku í peningaspilum á erlendum vefsíðum þar sem þátttaka í Netpóker hefur minnkað umtalsvert en þátttaka í Netspilakössum og sérstaklega í veðmálum á úrslit og atburði íþróttaleikja hefur aukist. Þessar breytingar í vinsældum íþróttaveðmála hér á landi ættu þó ekki að koma á óvart þar sem veðmál á úrslit og sérstaklega atburði íþróttaleikja hefur farið mjög vaxandi erlendis undanfarin ár, sérstaklega á Netinu. Þegar árið 2012 var gert ráð fyrir að rétt undir 7 milljónir Evrópubúa leggi undir á íþróttaveðmál á Netinu og að íþróttaveðmál töldust þá nema tæplega 50% af öllum Netveðmálum (Hing, Russell, Vitartas og Lamont, 2016; Lopes-Gonsales, Estévez og Griffiths, 2017). Athyglisvert er að álíka margir virðast veðja á úrslit íþróttaleikja (fyrst og fremst fótbolta) á erlendum vefsíðum og gera á Lengjunni sem rekin er af íslenskum getraunum. Einnig er þátttaka í veðmálum á atburði íþróttaleikja þrefallt meiri á erlendum vefsíðum en hún er fyrir sambærilegan leik hér á landi er nefnist Lengjan í beinni. Það er því ýmislegt sem bendir til að þær breytingar sem við sjáum í íþróttaveðmálum hérlandis síðan árið 2011 er fyrst og fremst að finna meðal ungra karlmannna sem veðja á úrslit eða atburði í fótbolta á erlendum vefsíðum.

Litlar breytingar hafa orðið í algengi spilavanda síðan árið 2011 og það er en svo að þeir sem eiga við spilavanda að stríða eru flestir ungir karlmenn með minni menntun og tiltölulega lágar tekjur. Athyglisvert var þó að aðeins færri flokkuðust í hópinn líkleg spilafíkn árið 2017 en gerðu árið 2011 og eru tölur nú þær sömu og við sáum árið 2007. Ef við hinsvegar berum saman tölur um spilavanda hér á landi við tölur frá öðrum Norðurlöndum (sjá hægri hluta töflu 25) má sjá svipaðar niðurstöður milli landa þar sem almennt hafa orðið litlar breytingar á algengi spilavanda milli kannanna annarstaðar á Norðurlöndum. Um algengistökur þá virðast þær vera aðeins hærri í

Finnlandi og Noregi og aðeins lægri í Svíþjóð og Danmörku en við sjáum hér á landi. En það ber aftur að setja fyrirvara við slíkan samanburð þar sem einhver munur er á aðferðarfræði og könnunarárum milli landa.

Heimildaskrá

- Abbott, M.W., Romild, U. & Volberg, R.A. (2014). Gambling and problem gambling in Sweden: Changes between 1998 and 2009. *Journal of Gambling Studies*, 30, 985-999.
- American Psychiatric Association. (2000). *Diagnostic and statistical manual of the mental disorders; Text Revision (DSM-IV-TR)* (4. útg.). Washington: APA.
- Buchsbaum, D.G., Buchanan, B.A., Centor, R.M., Schnoll, S.H. og Lawton, M.J. (1991). Screening for alcohol abuse using CAGE scores and likelihood ratios. *Annals of Internal Medicine*, 115, 774-777.
- Cohen, S., Kamark, T. og Mermelstein, R. (1983). A global measure of perceived stress. *Journal of health and social behavior*, 24, 385-396.
- Crockford, D.N. og el-Guebaly, N. (1998). Psychiatric comorbidity in pathological gambling: A critical review. *The Canadian Journal of Psychiatry*, 43, 43-50.
- Dhalla, S. og Kopec, J.A. (2007). The CAGE questionnaire for alcohol misuse: A review of reliability and validity studies. *Clinical and Investigative Medicine*, 30, 33-41.
- Daníel Þór Ólason (2008). *Spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2007*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Daníel Þór Ólason (2012). *Spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2011*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.
- Daníel Þór Ólason, Herdís Finnbogadóttir, Margrét Aðalheiður Hauksdóttir og Sigríður Karen Bárudóttir (2003). *An Icelandic version of the Problem Gambling Severity Index: A psychometric evaluation*. Erindi flutt á ráðstefnu norrænna geðlækna í Reykjavík, Reykjavík. Ísland.
- Daníel Þór Ólason, Sigríður Karen Bárudóttir og Sigurður J. Grétarsson (2005). Algengi spilafíknar meðal fullorðinna á Íslandi. Hjá Friðriki H. Jónssyni (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum V*, bls 645-656. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands: Háskólaútgáfan.
- Ewing, J.A. (1984). Detecting alcoholism. The CAGE questionnaire. *JAMA*, 252, 1905-1907.

- Ferris, J., og Wynne, H. (2001). *The Canadian problem gambling index: The final report*. Canadian Centre on Substance Abuse, Ottawa.
- Hardoon, K.K., Derevensky, J.L. og Gupta, R. (2002). *An examination of the influence of familial, emotional, conduct and cognitive problems and hyperactivity upon youth risk-taking and adolescent gambling problems*. Rannsóknarskýrsla. Ontario: Ontario Problem Gambling Research Centre.
- Hays, R.D. og Mers, J.F. (1995). Response burden, reliability, and validity of the CAGE, Short MAST, and AUDIT alcohol screening measures. *Behavior Research Methods*, 27, 277-280.
- Hing, N., Russel, A.M.T., Vitartas, P. og Lamont, M. (2016). Demographic, behavioural, normative risk factors for gambling problems among sport bettors. *Journal of Gambling Study*, 32, 625-641.
- IMG- Gallup (2000). *Viðhorfsrannsókn*. (Skýrsla). Reykjavík: Íslenskar Markaðsrannsóknir.
- Kolbrún Baldursdóttir, Daníel Þór Ólason, Sigurður J. Grétarsson, Ágústa Rakel Davíðsdóttir og Ása Margrét Sigurjónsdóttir (2008). Peningaspil og algengi spilavanda meðal 16 til 18 ár framhaldsskólanemenda: Mat á áhættuþáttum. *Sálfræðiritið*, 13, 27-46.
- Lopez-Gonzalez, H., Estévez, A. og Griffiths, M.D. (2017). Marketing and advertising online sports betting: A problem gambling perspective. *Journal of Sport and Social Issues*, 1-17: <http://journals.sagepub.com/doi/abs/10.1177/0193723517705545>.
- Newcombe, R. G. (1998). Interval Estimation for the Difference Between Independent Proportions: Comparison of Eleven Methods. *Statistics in Medicine*, 17, 873-890.
- Orford, J., Griffiths, M., Wardle, H., Sproston, K., og Erens, B. (2009). Negative public attitudes towards gambling: findings from the 2007 British Gambling Prevalence Survey using a new attitude scale. *International Gambling Studies*, 9 (1), 39-54.
- Ólason, D. T., Sigurdardóttir, K. J. og Smári, J. (2006). Prevalence estimates of gambling participation and problem gambling among 16 to 18 year old students in Iceland: A comparison of the SOGS-RA and DSM-IV-MR-J. *Journal of Gambling Studies*, 22, 23-39.

- Ólason, D. T., Skarphéðinsson, G. A., Jónsdóttir, J. E., Mikaelsson, M. og Grétarsson, S. J. (2006). Prevalence estimates of gambling and problem gambling among 13- to 15-year-old adolescents in Reykjavík: An examination of correlates of problem gambling and different accessibility to electronic gambling machines in Iceland. *Journal of Gambling Issues*, 18, 39-56.
- Ólason, D.T. og Grétarsson, S.J. (2009). Iceland. Í M. Griffiths, G. Meyer, og T. Hayer (Ritst.), *Problem Gambling in Europe: Extent and Preventive Efforts*, 137-151. Springer: New York.
- Olason, D.T., Kristjansdóttir, E., Einarsdóttir, H., Haraldsson, H., Bjarnarson, G. & Derevensky, J (2011). Internet gambling and problem gambling among 13 to 18 year old adolescents in Iceland. *International Journal of Mental Health & Addiction*, 9 257-263.
- Olason, D.T., Hayer, T., Brosowski, T. & Meyer, G. (2015). Gambling in the mist of economic crisis: Results from three national prevalence studies from Iceland. *Journal of Gambling Studies*, 31, 759-774.
- Pallesen, S. (2017). *Prevalence of gambling problems in the Nordic countries*. Erindi flutt á 11th Nordic conference on changes and challenges in the field of gambling, Óðinsvé, 29-31 maí.
- Raylu, N. og Oei, T. P. S. (2002). Pathological gambling: A comprehensive review. *Clinical psychology review*, 22, 1009 – 1061.
- Specker, S. M., Carlson, G.A., Christenson, G. A. & Marcotte, M. (1995). Impulse control disorders and attention deficit disorder in pathological gamblers. *Annals of Clinical Psychiatry*, 7, 175-179.
- Vitaro, F., Arseneault, L. og Tremblay, R.E. (1999). Impulsivity predicts problem gambling in low SES adolescents males. *Addiction*, 94, 563-575.
- Volberg, R.A. (2001). *When the chips are down: problem gambling in America*. New York: The Century Foundation.
- Wardle, H., Moody, A., Spence, S., Orford, J., og Volberg, R., Jotangia, D., Griffiths, M., Hussey, D., og Dobbie, F. (2010). British Gambling Prevalence Survey 2010. London: national Centre for Social Research.

Viðauki I: Töflur

Tafla A. Heildarpáttaka í peningaspilum á Netinu eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað á Netinu %	Spilað á Netinu %	Kíkvaðrat
Kyn				45,27***
Karlar	1282	66,3	33,7	
Konur	1421	77,9	22,1	
Menntun				8,57*
Grunnskóli	559	75,9	24,1	
Framhaldsskóli	1030	70,5	29,5	
Háskóli	1064	70,4	29,6	
Aldursflokkar				45,61***
18 – 25 ára	430	80,5	19,5	
26 – 40 ára	740	66,6	33,4	
41 – 55 ára	796	67,3	32,7	
56 – 70 ára	737	76,8	23,2	
Hjúskaparstaða				12,62**
Einhleyp/ur	664	77,1	22,9	
Hjónaband/sambúð	1835	70,2	29,8	
Fráskilin(n)	127	71,3	28,7	
Ekkill/ ekkja	28	73,1	26,9	
Fjölskyldutekjur				44,53***
Undir 450. þ.	474	80,3	19,7	
450-719. þ.	496	72,0	28,0	
720-1.019 þ.	451	67,5	32,5	
1.020 – 1.394 þ.	260	64,6	35,4	
1.395 þ. eða meira	347	61,2	38,8	
Búseta				3,25
Höfuðborgarsvæði	1641	73,1	26,9	
Landsbyggðin	1062	69,9	30,1	

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$; ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla B. Heildarþátttaka í peningaspilum á innlendum vefsíðum eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað á innlendum vefsíðum %	Spilað á innlendum vefsíðum %	Kíkvaðrat
Kyn				13,43***
Karlar	1282	72,6	27,4	
Konur	1421	78,7	21,3	
Menntun				28,51***
Grunnskóli	559	82,0	18,0	
Framhaldsskóli	1030	73,8	26,2	
Háskóli	1064	71,5	28,5	
Aldursflokkar				105,13***
18 – 25 ára	430	91,4	8,6	
26 – 40 ára	740	71,6	28,4	
41 – 55 ára	796	67,7	32,3	
56 – 70 ára	737	77,1	22,9	
Hjúskaparstaða				41,61***
Einhleyp/ur	664	84,2	15,8	
Hjónaband/sambúð	1835	72,4	27,6	
Fráskilin(n)	127	72,7	27,3	
Ekkill/ ekkja	28	73,1	26,9	
Fjölskyldutekjur				81,92***
Undir 450. þ.	474	87,8	12,2	
450-719. þ.	496	75,3	24,7	
720-1.019 þ.	451	69,4	30,6	
1.020 – 1.394 þ.	260	67,1	32,9	
1.395 þ. eða meira	347	64,0	36,0	
Búseta				5,68*
Höfuðborgarsvæði	1641	77,1	22,9	
Landsbyggðin	1062	73,0	27,0	

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$; ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla C. Heildarþátttaka í peningaspilum á erlendum vefsíðum eftir baksviðsbreytum

	Fjöldi	Ekki spilað á erlendum vefsíðum %	Spilað á erlendum vefsíðum %	Kíkvaðrat
Kyn				90,71***
Karlar	1282	90,1	9,9	
Konur	1421	98,6	1,4	
Menntun				25,26***
Grunnskóli	559	92,0	8,0	
Framhaldsskóli	1030	93,9	6,1	
Háskóli	1064	97,6	2,4	
Aldursflokkar				150,30***
18 – 25 ára	430	85,9	14,1	
26 – 40 ára	740	90,8	9,2	
41 – 55 ára	796	98,9	1,1	
56 – 70 ára	737	99,5	0,5	
Hjúskaparstaða				56,43***
Einhleyp/ur	664	89,3	10,7	
Hjónaband/sambúð	1835	96,5	3,5	
Fráskilin(n)	127	97,5	2,5	
Ekill/ ekkja	28	100,0	0,0	
Fjölskyldutekjur				12,51**
Undir 450. þ.	474	91,0	9,0	
450-719. þ.	496	94,8	5,2	
720-1.019 þ.	451	94,2	5,8	
1.020 – 1.394 þ.	260	96,6	3,4	
1.395 þ. eða meira	347	95,2	4,8	
Búseta				0,00
Höfuðborgarsvæði	1641	94,3	5,7	
Landsbyggðin	1062	94,3	5,7	

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$: ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla D. Þátttaka í lottó, flokka- og skafmiðahappdrætti eftir baksviðsbreytum

	Lottó á sölustöðum	Lottó á Netinu	Lottó í áskrift	Flokka- happdrætti	Skafmiðar
	%	%	%		
Kyn	*	***		***	
Karlar	46,8	15,4	13,2	29,9	22,0
Konur	42,9	10,5	13,2	40,0	24,7
Menntun	***	***	***		***
Grunnskóli	46,0	9,0	10,2	34,6	29,0
Framhaldsskóli	48,8	14,1	13,5	33,7	23,8
Háskóli	37,8	15,2	16,2	36,6	17,2
Aldursflokkar	***	***	***	***	***
18 – 25 ára	20,4	5,2	1,9	5,9	40,0
26 – 40 ára	47,0	17,5	14,7	33,0	30,3
41 – 55 ára	53,1	15,2	18,9	44,0	15,3
56 – 70 ára	52,2	11,5	13,9	49,1	11,8
Hjúskaparstaða	***	*	***	***	***
Einhleyp/ur	33,9	10,2	5,3	21,1	30,1
Hjónaband/sambúð	48,9	13,9	16,2	39,9	21,2
Fráskilin(n)	51,2	12,4	16,5	41,3	17,4
Ekkill/ ekkja	50,0	3,8	26,9	72,0	16,0
Fjölskyldutekjur	***	***	***	***	***
Undir 450. þ.	35,8	7,7	4,4	20,7	31,5
450-719. þ.	50,1	14,7	12,5	40,6	23,9
720-1.019 þ.	50,9	17,3	16,3	37,3	21,4
1.020 – 1.394 þ.	51,9	17,7	19,8	43,0	23,2
1.395 þ. eða meira	45,2	14,7	22,1	43,1	17,0
Búseta	***			***	
Höfuðborgarsvæði	41,1	12,3	12,3	31,9	22,6
Landsbyggðin	51,6	14,2	14,8	40,2	24,7

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$

Tafla E. Þátttaka í spilakössum, póker og bingó eftir baksviðsbreytum

	Spilakassar	Póker með spilum	Mótapóker	Netpóker	Bingó
	%	%		%	%
Kyn	***	***	***	***	
Karlar	14,2	13,0	1,2	3,3	9,3
Konur	3,4	2,0	0,2	0,1	11,4
Menntun	***	***		**	
Grunnskóli	16,2	9,7	1,0	2,4	15,8
Framhaldsskóli	7,6	8,0	0,5	2,1	15,2
Háskóli	2,1	4,6	0,3	0,4	12,4
Aldursflokkar	***	***	a	***	***
18 – 25 ára	23,0	18,1	0,8	4,0	21,9
26 – 40 ára	10,6	10,7	1,8	3,4	18,9
41 – 55 ára	3,9	3,5	0,1	0,1	12,0
56 – 70 ára	1,7	0,6	0,0	0,0	6,9
Hjúskaparstaða	***	***	a	a	*
Einhleyp/ur	18,1	12,8	0,8	3,0	17,6
Hjónaband/sambúð	5,1	5,6	0,4	1,2	13,6
Fráskilin(n)	3,3	2,5	1,7	0,0	13,2
Ekkill/ ekkja	4,0	0,0	0,0	0,0	4,0
Fjölskyldutekjur	***	**	a		*
Undir 450. þ.	14,6	10,8	0,7	1,8	18,8
450-719. þ.	11,1	6,6	1,2	2,8	16,7
720-1.019 þ.	5,6	7,7	0,5	1,6	13,8
1.020 – 1.394 þ.	3,8	3,0	0,0	0,0	11,0
1.395 þ. eða meira	4,5	7,7	0,3	1,0	12,5
Búseta		*			
Höfuðborgarsvæði	9,0	8,2	0,6	1,7	13,9
Landsbyggðin	8,7	6,3	0,8	2,0	15,7

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$: ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla F. Þátttaka í getraunum, lengjunni og veðmál um eigin frammistöðu eftir baksviðsbreytum

	Getraunir (1x2) á sölustöðum %	Getraunir á Netinu %	Lengjan á sölustöðum %	Lengjan á Netinu %	Lengjan í beinni %
Kyn	***	***	***	***	***
Karlar	7,1	6,6	4,1	5,0	1,6
Konur	1,4	0,4	0,5	0,3	0,0
Menntun			*		
Grunnskóli	4,6	2,3	3,0	2,3	0,7
Framhaldsskóli	5,2	4,2	2,6	2,9	0,8
Háskóli	2,9	3,9	1,1	2,8	0,9
Aldursflokkar			***	*	*
18 – 25 ára	6,5	3,0	5,0	2,7	0,4
26 – 40 ára	4,2	4,2	2,7	3,8	1,4
41 – 55 ára	3,4	3,9	1,3	2,9	1,1
56 – 70 ára	4,0	2,8	1,2	1,2	0,2
Hjúskaparstaða	*	a	a	a	a
Einhleyp/ur	6,0	3,3	3,8	3,6	0,7
Hjónaband/sambúð	3,6	3,5	1,7	2,2	0,9
Fráskilin(n)	5,0	3,3	2,5	2,5	0,8
Ekill/ ekkja	0,0	4,0	0,0	0,0	0,0
Fjölskyldutekjur					a
Undir 450. þ.	5,3	2,4	3,7	2,7	0,5
450-719. þ.	2,8	3,0	2,0	1,6	0,4
720-1.019 þ.	4,7	4,7	1,6	2,6	0,9
1.020 – 1.394 þ.	2,5	3,0	1,3	3,4	0,0
1.395 þ. eða meira	5,1	5,8	2,9	5,1	2,6
Búseta					*
Höfuðborgarsvæði	4,4	3,2	2,3	2,4	0,5
Landsbyggðin	4,1	4,0	2,4	3,3	1,3


* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$: ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

Tafla G. Þátttaka í veðmálum á úrslit og atburði íþróttakappleikja á erlendum síðum á Netinu

	Veðmál á úrslit íþróttakappleikja á erlendum síðum	Veðmál á atburði á erlendum síðum	Önnur peningaspil á Netinu	Leynileg spilavíti á Íslandi	Veðja á eigin frammistöðu
	%	%	%	%	%
Kyn	***	***	***	**	
Karlar	7,6	5,7	2,2	1,4	1,8
Konur	0,8	0,5	0,2	0,4	1,5
Menntun	***	***	*	**	*
Grunnskóli	5,4	4,3	1,7	1,6	2,2
Framhaldsskóli	5,0	3,6	1,4	0,7	0,8
Háskóli	1,8	1,1	0,3	0,3	1,3
Aldursflokkar	***	***	***	***	***
18 – 25 ára	12,0	9,9	3,2	1,3	3,0
26 – 40 ára	6,1	4,1	1,6	1,9	1,8
41 – 55 ára	0,9	0,3	0,5	0,1	1,0
56 – 70 ára	0,2	0,2	0,0	0,3	0,3
Hjúskaparstaða	***	a	a	a	a
Einhleyp/ur	8,9	6,8	2,5	1,7	2,5
Hjónaband/sambúð	2,4	1,7	0,6	0,5	1,1
Fráskilin(n)	2,5	1,7	0,8	1,7	0,0
Ekill/ ekkja	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Fjölskyldutekjur	**	**	a	a	a
Undir 450. þ.	6,8	5,9	2,2	1,5	2,2
450-719. þ.	3,4	2,4	0,6	1,8	1,0
720-1.019 þ.	5,1	3,3	1,2	0,0	1,6
1.020 – 1.394 þ.	1,3	1,3	0,4	0,0	0,8
1.395 þ. eða meira	3,5	2,6	1,6	0,6	1,6
Búseta				**	*
Höfuðborgarsvæði	4,3	3,1	1,1	1,2	1,9
Landsbyggðin	4,2	3,3	1,3	0,2	0,7

* $p \leq 0.05$; ** $p \leq 0.01$; *** $p \leq 0.001$; ^a Væntigildi reita í töflu uppfylltu ekki skilyrði marktæktarprófs

**Faraldsfræðileg rannsókn á
þátttöku Íslendinga í peningaspilum
2017**



Upplýsingar til spyrna

Verkefnisstjóri er Daníel Þór Ólason, sími: 525-5265/554-1134/6620327

Einnig má hafa samband við X verkefnistjóra hjá félagsvísindastofnun, sími setja inn/ Gemsí setja inn

Kynningartexti fyrir þátttakendur

Gott kvöld/ góðan dag!

Ég heiti ____ og hringi frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Við erum að kanna þátttöku Íslendinga í peningaspilum eða happdrættum, en niðurstöður könnunarinnar munu koma að miklu gagni við að meta spilahegðun íslensku þjóðarinnar. Til að tryggja að niðurstöður verði sem áreiðanlegastar er mjög mikilvægt að flestir sjái sér fært að taka þátt í könnuninni. Nafn þitt kom upp í 5000 manna þjóðarúrtaki og bið ég þig vinsamlegast um leyfi til að fá að leggja fyrir þig nokkrar spurningar.

[SPYRLAR: Ef spurt er um tímalengd skuluð þið segja að fjöldi spurninga sé nokkuð mismunandi milli þátttakenda en flestir ljúki henni á u.þ.b. 10-15 mínútum. Ef sagt er að viðkomandi spili engin peningaspil þá leggja áherslu á að það séu einnig mikilvægar upplýsingar og því mikilvægt að viðkomandi taki þátt, en könnunin verði þá mjög stutt]

Jákvætt svar við þátttöku : SPYRLAR: Halda áfram með kynningartexta fyrir þátttakendur hér að neðan.

Neikvætt svar → *Spyrja:* Gætir þú hugsað þér að taka þátt í könnuninni ef ég hringdi á öðrum tíma?

Ef já við nýjum tíma → *Skrá dag og tíma:* _____

Ef nei við nýjum tíma → *Segja:* Ég þakka þá fyrir ómakið.

Kynningartexti fyrir þátttakendur, frh.

Mér ber að benda þér á að farið verður með öll gögn sem trúnaðarmál og nafn þitt mun hvergi koma fram, hvorki á svarblaðinu né í úrvinnslu. Þú getur hætt könnuninni hvenær sem er og einnig valið að svara ekki einstökum spurningum. Það er þó mikilvægt að þú vitir að niðurstöður koma að mestu gagni ef þú reynir að svara öllum spurningunum eftir bestu getu, jafnvel þó þér finnst að þær hafi komið fram áður. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Dr. Daníel Þór Ólason, Prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands, sími 5255265 og rannsóknin hefur verið tilkynnt Persónuvernd og Vísindasiðanefnd hefur veitt leyfi til hennar.

Spilahegðun

Ég ætla að byrja á því að spyrja þig um þátttöku þína í ýmsum gerðum peningaspila á síðustu 12 mánuðum. Með orðinu peningaspil er ég að tala um öll spil, leiki eða happdrætti þar sem hægt er að vinna eða tapa peningum og tilviljun ræður miklu eða öllu um niðurstöðuna.

Vinsamlegast segðu mér hvort þú hefur spilað að minnsta kosti einu sinni í eftirtöldum peningaspilum **á síðastliðnum 12 mánuðum**. Svvaraðu já eða nei við hverju peningaspili.

[SPYRLAR: Lesa upp lista og HAKA við þau peningaspil sem viðkomandi SEGIR JÁ VIÐ.]

Hefur þú á síðastliðnum 12 mánuðum...

- keypt miða í íslenska Lottóinu (5/40), Víkingalottó eða EuroJackpot í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum eða öðrum sölustöðum (SP. 1A; bls. 5)
- keypt miða í íslenska Lottóinu (5/40) Víkingalottó eða EuroJackpot (**ekki áskriftarmiða**) á vefsíðu Íslenskrar getspár (Lotto.is) (SP. 2A; bls. 6)
- keypt áskriftarmiða í íslenska Lottóinu (5/38), Víkingalottó eða EuroJackpot á vefsíðu Íslenskrar getspár (SP. 3A; bls. 7)
- spilað í spilakassa í spilasölum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, vínveitingastöðum eða annarsstaðar þar sem slíkir kassar eru staðsettir (SP. 4A; bls. 7)
- spilað í spilakassa á erlendum vefsíðum á Internetinu og lagt undir eigið fé [Áhersla á að fólk hafi spilað fyrir eigin peninga, ekki leikið í spilakassa á Netinu fyrir gjafafé/platpeninga] (SP. 5A; bls. 9)
- keypt skafmiða, t.d. happaprennu eða launamiða í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, sjálfsölum eða öðrum sölustöðum (SP. 6A; bls. 10)
- keypt skafmiða á erlendum vefsíðum á Internetinu (SP. 7A; bls. 11)
- keypt seðil í fótboltagetraunum (1x2) Íslenskra getrauna þar sem giskað er m.a. á úrslit í enska fótboltanum í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, íþróttafélögum eða öðrum sölustöðum (SP. 8A; bls. 12)
- keypt rafrænan seðil í fótboltagetraunum (1x2) á heimasíðu Íslenskra getrauna þar sem giskað er m.a. á úrslit í enska fótboltanum (SP. 9A; bls. 13)
- keypt seðil í Lengjunni, þar sem giskað er á úrslit íþróttakappleikja, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi, kappakstri o.s.frv. í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, íþróttafélögum eða öðrum sölustöðum (SP. 10A; bls. 13)
- keypt rafrænan seðil í Lengjunni (1x2) á heimasíðu Íslenskra getrauna þar sem giskað er á úrslit íþróttakappleikja, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi og kappakstri (SP. 11A; bls. 15)
- spilað “Lengjan í beinni” á heimasíðu Íslenskra getrauna þar sem veðjað er á atburði eða úrslit íþróttakappleikja á meðan á íþróttakappleikjunum stendur (SP. 12A; bls. 16)
- veðjað á úrslit íþróttakappleikja á erlendum vefsíðum á Internetinu, t.d. í fótbolta, handbolta, golfi, kappakstri, veðreiðum o.s.frv. (SP. 13A; bls. 17)

- ¹ veðjað á ýmsa atburði eða úrslit (Live Betting) íþróttakappleikja meðan á þeim stendur á erlendum vefsíðum á Internetinu, t.d í fótbolta, handbolta, golfi, kappakstri, veðreiðum o.s.frv. (SP. 14A; bls. 18)
- ¹ spilað í flokkahappdrætti Háskóla Íslands, SÍBS eða DAS? (SP. 15A; bls. 19)
- ¹ lagt peninga undir í **póker (spilað á spil)** með vinum, starfsfélögum, spilafélögum eða fjölskyldu, annarsstaðar en í spilavítum (SP. 16A; bls. 20)
- ¹ tekið þátt í skipulögðum **pókermótum (mótapóker- spilað á spil)** sem haldin eru hér á landi, t.d. á vegum pókersambands Íslands, pókerklúbbum eða öðrum sem bjóða upp á slík mót (SP 17a; bls.21)
- ¹ lagt peninga undir í **netpóker** á erlendum vefsíðum á Internetinu (SP. 18A; bls. 22)
- ¹ lagt peninga undir í **bridge, vist eða öðrum borðspilum fyrir utan póker** með vinum, starfsfélögum, spilafélögum eða fjölskyldu, (SP. 19A; bls. 23)
- ¹ veðjað á eigin frammistöðu í leik eða íþrótt, t.d. snóker, golfi, keilu o.s.frv. (SP. 20A; bls. 24)
- ¹ spilað **bingó** með peningaverðlaunum eða öðrum verðmætum (SP. 21A; bls. 25)
- ¹ lagt peninga undir í leynilegu spilavíti á Íslandi, t.d. í póker, rúllettu, 21 (Blackjack) eða öðru (SP. 22A; bls. 26)
- ¹ lagt peninga undir í öðrum peningaspilum á erlendum vefsíðum á Internetinu t.d í 21 (Blackjack), rúllettu, bingói, Keno, Baccarat eða öðrum tegundum peningaspila á Internetinu (SP. 23A; bls. 27)
- ⁹ **Hefur ekki spilað nein peningaspil á síðastliðnum 12 mánuðum** [SPYRLAR: Ekki lesa upp!]

[SPYRLAR: Ef viðmælandi hefur **ekki** spilað nein peningaspil þá á að spyrja næst spurningar nr. 37. Fyrir alla aðra skal lesa kynningartextann hér að neðan og því næst spyrja ítarlega um öll þau peningaspil sem merkt var við. Sjá númer spurninga fyrir aftan hvern lið.]

Nú langar mig til að spyrja þig ítarlegar um þau peningaspil sem þú hefur spilað á síðastliðnum 12 mánuðum. Byrjum á _____.

[SPYRLAR: Fara í texta fyrir viðeigandi spurningu.]

1a) Hve oft hefur þú keypt miða í íslenska Lottóinu (5/40), Víkingalottó eða EuroJackpot í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum eða öðrum sölustöðum á síðastliðnum 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁸ Veit ekki [SPYRLAR: Ekki lesa upp!]
- ⁹ Neitar að svara [SPYRLAR: Ekki lesa upp!]

1b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í **hvert skipti** sem þú keyptir lottómiða á þessum stöðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónum

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

1c) Getur þú áætlað hversu miklum peningum þú eyddir í **dæmigerðum mánuði** í lottómiða á þessum stöðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

1d) Hversu margar klukkustundir eða mínútur myndir þú áætla að fari venjulega í kaup á lottómiðum í hvert skipti á þessum stöðum [spyrlar: Alltaf setja inn mínútur, breyta klst í mínútur)?

≈ _____ mínútur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

1e) Í hvaða tegund Lottó hefur þú keypt miða á þesum sölustöðum á síðustu 12 mánuðum...[SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!]

	<u>1</u> Já	<u>2</u> Nei	<u>8</u> Veit ekki	<u>9</u> Neitar
a) Íslenska Lóttóinu (5/40)	1	2	8	9
b) Víkingalóttó	1	2	8	9
c) EuroJackpot	1	2	8	9

2a) Hve oft hefur þú keypt miða [ekki áskriftarmiða] í íslenska Lóttóinu (5/40), Víkingalóttó eða EuroJackpot á vefsíðu Íslenskrar getspár (lotto.is) á síðastliðnum 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁸ Veit ekki [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]
- ⁹ Neitar að svara [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]

2b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í **hvert skipti** sem þú keyptir lottómiða á vefsíðu Íslenskrar getspár á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónum

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

2c) Getur þú áætlað hversu miklum peningum þú eyddir í **dæmigerðum mánuði** í lottómiða á vefsíðu Íslenskrar getspár á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

2d) Hversu margar klukkustundir eða mínútur myndir þú áætla að fari venjulega í kaup á lottómiðum í hvert skipti á vefsíðum Íslenskrar getspár [*spyrlar: Alltaf setja inn mínútur, breyta klst í mínútur*]?

≈ _____ mínútur

⁸ Veit ekki

⁹ Neitar að svara

2e) Í hvaða tegund Lottó hefur þú keypt miða á vefsíðu Íslenskrar getspár á síðustu 12 mánuðum...[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

	<u>1</u> Já	<u>2</u> Nei	<u>8</u> Veit ekki	<u>9</u> Neitar
a) Íslenska Lóttóinu (5/40)	1	2	8	9
b) Víkingalóttó	1	2	8	9
c) EuroJackpot	1	2	8	9

3a) Hvað borgaðir þú í hverjum mánuði fyrir áskrift þína að miða í Lottó 5/40, Víkingalóttó eða EuroJackpot á vefsíðu Íslenskrar getspár á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónur

⁸ Veit ekki

⁹ Neitar að svara

3b) Hvaða tegund Lottó hefur þú verið með í áskrift á vefsíðu Íslenskrar getspár á síðustu 12 mánuðum...[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

	<u>1</u> Já	<u>2</u> Nei	<u>8</u> Veit ekki	<u>9</u> Neitar
a) Íslenska Lóttóið (5/40)	1	2	8	9
b) Víkingalóttó	1	2	8	9
c) EuroJackpot	1	2	8	9

4a) Hve oft hefur þú spilað í spilakössum á síðustu 12 mánuðum? Hér er átt við allar tegundir spilakassa, hvort sem þeir eru í spilasölum, söluturnum, myndbandaleigum, vínveitingastöðum eða annarsstaðar þar sem slíkir kassar eru staðsettir. Myndir þú segja að það væri u.þ.b.. [SPYRLAR: *Lesu svarmöguleika!*]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁸ Veit ekki [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]
- ⁹ Neitar að svara [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]

4b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í hvert skipti sem þú spilaðir í spilakassa á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónum

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

4c) Getur þú áætlað hversu miklum peningum þú eyddir í **dæmigerðum mánuði** í spilakassa á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

4d) Hversu margar klukkustundir eða mínútur myndir þú áætla að þú spilir í hvert sinn sem þú spilar í spilakössum [spyrlar: *Alltaf setja inn mínútur, breyta klst í mínútur*]?

≈ _____ mínútur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

Nú langar mig til að spyrja þig aðeins nánar um hvar þú spilar helst þegar þú spilar í spilakössum.

4e) Hversu oft spilar þú í spilakössum sem eru í söluturnum, á bensínstöðvum, skyndibitastöðum eða myndbandaleigum (svokallaðir Spielo eða rauðakrosskassar)?

Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: *Lesu svarmöguleika!*]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁶ Aldrei
- ⁸ Veit ekki [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]
- ⁹ Neitar að svara [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]

4f) Hversu oft spilar þú í spilakössum sem eru í spilasölum (þar sem hægt er að spila í gullnámu- eða gullregnskössum)? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: *Lesu svarmöguleika!*]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁶ Aldrei
- ⁸ Veit ekki [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]
- ⁹ Neitar að svara [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]

4g) Hversu oft spilar þú í spilakössum sem eru á vínveitingarstöðum (krám, veitingahúsum)? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[SPYRLAR: *Lesu svarmöguleika!*]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁶ Aldrei
- ⁸ Veit ekki [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]
- ⁹ Neitar að svara [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]

5a) Hve oft hefur þú spilað í spilakössum á erlendum vefsíðum á Internetinu á síðustu 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b..[SPYRLAR: *Lesu svarmöguleika!*]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁸ Veit ekki [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]
- ⁹ Neitar að svara [SPYRLAR: *Ekki lesa upp!*]

5b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í **hvert skipti** sem þú spilaðir í spilakassa á erlendum vefsíðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónum

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

5c) Getur þú áætlað hversu miklum peningum þú eyddir í **dæmigerðum mánuði** í spilakassa á erlendum vefsíðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

5d) Hversu margar klukkustundir eða mínútur myndir þú áætla að þú spilir í hvert sinn sem þú spilar í spilakössum á erlendum vefsíðum [spyrlar: *Alltaf setja inn mínútur, breyta klst í mínútur*)?

≈ _____ mínútur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

5e) Þegar þú spilar í spilakassa á Internetinu, á hvaða vefsíðum spilar þú mest [spyrlar: *Fáið fram veffang spilásíðu, eða heiti internetfyrirtækis*)?

Heiti vefsíða: _____

6a) Hve oft keyptir þú þér skafmiða, t.d. Happaprennu eða Launamiða í verslunum, söluturnum, myndbandaleigum, bensínstöðvum, sjálfsölum eða öðrum sölustöðum á síðustu 12 mánuðum? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁸ Veit ekki [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]
- ⁹ Neitar að svara [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]

6b) Hvað eyddir þú venjulega miklum peningum í **hvert skipti** sem þú keyptir skafmiða á þessum stöðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónum

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

6c) Getur þú áætlað hversu miklum peningum þú eyddir í **dæmigerðum mánuði** í skafmiða á þessum stöðum á síðustu 12 mánuðum (ath. ekki telja með vinninga eða ágóða)?

≈ _____ krónur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

6d) Hversu margar klukkustundir eða mínútur myndir þú áætla að fari venjulega í kaup á skafmiðum í hvert skipti á þessum stöðum [*spyrlar: Alltaf setja inn mínútur, breyta klst í mínútur*)?

≈ _____ mínútur

- ⁸ Veit ekki
- ⁹ Neitar að svara

7a) Hve oft keyptir þú þér skafmiða á erlendum vefsíðum á Internetinu? Myndir þú segja að það væri u.þ.b....[*SPYRLAR: Lesa svarmöguleika!*]

- ¹ Daglega
- ² Þrisvar til sex sinnum í viku
- ³ Einu sinni til tvisvar í viku
- ⁴ Einu sinni til þrisvar sinnum í mánuði
- ⁵ Nokkrum sinnum á síðustu 12 mánuðum (1x-11x á síðustu 12 mán.)
- ⁸ Veit ekki [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]
- ⁹ Neitar að svara [*SPYRLAR: Ekki lesa upp!*]

